

allt - fasteignir

Frábært óteymi yfir sjóinn
LÖGUR LUTNINGUR

GÓÐIR GESTIR:
Ný stuttmynd eftir
Ísold Uggadóttur
DRÓ LEIKARA AF NÆTURLÍFINU Í TÖKUR
FÓLK 30 ▶



Hagstæðasta bílalánið

FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. ágúst 2005 - 205. tölublað - 5. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 550 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Dreypir á vini í Napa-dalnum
Hildur Petersen, stjórnarformaður ÁTVR og SPRON, er fimmtug í dag. Hún ver degin- um í vinsmökkun í Kaliforníu.

TÍMAMÓT 18

Um Strætó og Símann
Einu sinni bjó ég við þær aðstæður að ekki leið lengri tími á milli almenningsferðanna en tíu mínútur, segir Valgerður Bjarnadóttir. Það þurfti engar vanga- veltur til að leggja bíl- um og nota hann ein- ungis til innkaupa- ferða og frílistinga á kvöldin og um helgar.

Í DAG 16

Räikkönen saxaði á forskotið
Finninn Kimi Räikkönen fagnaði um helgina sigri í Formúlu eitt keppninni í Ungverjalandi. Þar sem helsta keppinauti hans, Fernando Alonso, mistókst að ná í stig um helgina er nú talsverð spenna hlaupin í toppbaráttuna.

ÍPRÓTTIR 22

VEÐRIÐ Í DAG

Hæg breytileg átt

HÆGLÆTISVEÐUR Rigning eða skúrir víða um land en rofar þokkalega til á milli. Hítí 10-18 stig, hlýjast austan til.

VEDUR 4

LANDIÐ ALLT

Lestur á þriðjudögum 20-40 ára*

67% Fréttablaðið
37% Mbl.
25% Blaðið

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur á þriðjudögum.

Burðarási verður skipt milli Straums og Landsbankans

Landsbankinn og Straumur fjárfestingarbanki skipta eigum Burðaráss á milli sín. Markaðsvirði félagsins er um 91 milljarður króna. Straumur fær meira úr eignasafni Burðaráss en Landsbankinn, þar á meðal hlut í Íslandsbanka. Unnið var að skiptingunni um helgina. Nítján þúsund hluthafar eru í Burðarási.

VIÐSKIPTI Eignum Burðaráss verður skipt á milli Landsbanka Íslands og Straums fjárfestingarbanka. Unnið var að útfærslu á skiptingunni um helgina og var tillaga um þetta efni lögð fyrir stjórnir félaganna í gærkvöld. Burðarás verður því ekki rekinn áfram í óbreyttri mynd heldur yfirtekur Straumur félagið sem var upphaflega stofnað í janúar 1914.

Burðarás er fjárfestingarfélag í eigu nítján þúsund hluthafa og skráð í Kauphöll Íslands. Björgólfssonar, sem jafnframt

eru ráðandi hluthafar í Landsbankanum, ráða yfir langstærstum hluta í félaginu.

Við lok viðskipta í Kauphöllinni á föstudag var markaðsvirði Burðaráss rúmlega 91 milljarður króna. Þeim milljörðum verður skipt á milli Landsbankans og Straums, en Straumur mun fá meira úr eignasafni Burðaráss, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, og er 7,7 prósent hlutur í Íslandsbanka þar á meðal. Eftir viðskiptin mun Straumur því vera skráður fyrir 28,8 prósent eignarhlut í Íslandsbanka.

Samkvæmt ársreikningi 2004 var eigið fé Burðaráss um síðustu áramót rúmlega 45,5 milljarðar króna. Heildarhagnaður í fyrra var 9,3 milljarðar króna en 24,5 milljarðar á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Stærsti hluti hagnaðarins er tilkominn vegna sölu Burðaráss á hlut sínum í Eimskip lok maí fyrir tæpa 22 milljarða króna. Aðrar eignir félagsins eru í sænska fjárfestingarbankanum Carnegie, getrauna- og leikjafyrirtækinu Cherryföretagen, Icelandic Group, Marel, Avion Group og

TM Software svo einhverjar séu nefndar.

Eins og greint var frá í Markaðinum, viðskiptablaði Fréttablaðsins, í síðustu viku hafa frekari kaup, eða yfirtaka, á sænska fjárfestingarbankanum Carnegie verið í undirbúningi innan Landsbankans. Burðarás á nú þegar rúm tuttugu prósent í sænska bankanum. Ekki er ólíklegt að þessi uppskipting Burðaráss sé liður í þessu ferli um leið og fjárhagur Landsbankans styrkist í kjölfar þessara viðskipta.

- bg



SKAFTÁ Í HAM Það marraði í brúnni yfir Skaftá þegar vatnið streymdi fram. Hlaupið er orðið talsvert stærra en síðasta Skaftárhlaup sem varð árið 2003. Sverrir Óskar Elefsen, hjá Vatnamælingum Orkustofnunar, átti von á því í gær að hlaupið væri í rénun. Sjá síðu 4

Andrúmsloftið í Lundúnum minnir á tíma hryðjuverka Írska lýðveldishersins: Íbúar Lundúna eru hræddir

HRYÐJUVERK „Það ríkir ákveðið „panikkástand“ hér í borginni sem minnir á það þegar ég flutti til Lundúna upp úr 1990. Þá voru hryðjuverk írsku hryðjuverkasmatakanna IRA reglulegir viðburðir,“ segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir, sem býr í Lundúnum.

Hún segir lífið hjá Lundúna- búum samt sem áður ganga sinn vanagang. „Fyrir okkur sem höfum búið hér þetta lengi er þetta ekkert nýtt enda voru hryðjuverk ekki fundin upp þann 11. september. Bretar þekkja þetta ástand vel því að



hryðjuverkaárásir IRA stóðu yfir í áratugi og var neðanjarðarlestarstöðvum í Lundúnum lokað nær vikulega vegna hættunnar á hryðjuverkum. Það er samt meiri ókyrrð en venjulega og fólk hefur meiri fyrirvara á öllum hlutum,“ segir Anna Hildur.

Hún segir að fólk sé mun rag- ara við að ferðast með neðan- jarðarlestum en áður og ekki sé lengur óhætt að ferðast með strætó.

- sda / Sjá síðu 2

GÆSLA Í LONDON Fjöldi vopnaðra lögreglumanna er á vakt í Lundúnum.

Ánamöðkum stolið: Lögregla elti maðkþjóf

LÖGREGLUMÁL Veidimaður sem saknaði tíu lítra fötu af ánamöðkum kærði þjófnað til lögreglunnar í Búðardal. Fötuna með ánamöðkunum í hafði maðurinn skilið eftir utan við gistiheimilið Bjarg. Eftir stutta eftirgrennslan féll grunur á nýfarinn gest á Bjargi sem menn vissu að var á leið í Borgarfjörð í veiðiferð. Fór lögreglan á eftir manninum og náði honum efst í Bröttubrekku. Reyndist hann hafa tekið maðkana og var þeim skilað til eigandans en þjófurinn hélt för sinni áfram. - grs

Verslunarmannahelgin: Margir tepptir

UMFERÐ Umferðin gekk víðast hvar vel í gær fyrir utan að vont flugveður var frá Vestmannaeyjum. Flug á Bakkaflugvöll var hætt upp úr hádegi og fyrir viknið urðu fimm hundruð þjóðhátíðargestir veðurtepptir í eyjum yfir nóttina. sjá bls. 6 og 8

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Miðvikudagur
Kópavogur / Ísland

591 3000



SPURNING DAGSINS

Arni, er þetta kvalræði?

„Nei, þetta er samfelldur gleðileikur.“

Arna Mathiesen sjávarútvegsráðherra sýnist umhverfisráðherra Ástralíu berja höfðinu við steininn þegar hann gagnrýnir harkalega hvalveiðar Íslendinga í vísindaskyni.

Mótmælendur komust inn á athafnasvæði við Kárahnjúka þrátt fyrir hert eftirlit:

Lögregla yfirheyrir ferðamenn

MÓTMÆLI Lögreglan á Seyðisfirði og sérsveitarmenn frá Reykjavík handsömuðu sjö mótmælendur sem komust inn á bannsvæði við Kárahnjúkastöðina í gær og settu þar upp borða í mótmælaskyni við framkvæmdirnar.

Að sögn Óskars Bjartmarz, yfirlögrelubjóns á Seyðisfirði, voru mótmælendurnir færðir til yfirheyrslu á Egilsstöðum síðdegis í gær. Hann segir þá úr hópi mótmælenda sem haldi til á tjaldstæði að Vaði í Skriðdal. Þar hafa um 40 manns haft næturstað undanfarnar tvær nætur.

Vegfarendur og ferðamenn, sem lagt hafa leið sína upp á

Fljótsdalsheiði og svæðið við Snæfell og Vesturóræfi um verslunarmannahelgina, hafa sumir hverjir verið stöðvaðir af lögreglunni og spurðir um ferðir sínar og erindi inn á hálendið. Einn ferðamaður, sem Fréttablaðið ræddi við í gær, sagði að lögreglan hefði ekki gefið neinar skýringar á aðgerðunum.

Óskar Bjartmarz segir að Seyðisfjarðarlögreglan og lögreglumennirnir frá Reykjavík hafi sinnt eftirlitsstörfum í grennd við Kárahnjúkavirkjun um helgina og kannast við að bílar hafi verið stöðvaðir í því skyni.

- jh



MÓTMÆLENDUR VIÐ KÁRAHNJÚKA Sömu mótmælendur og voru að verki í síðustu viku settu upp borða við stöflmannvirkið í gær.

Ástralar um hvalveiðar:

Ofbýður óskammfeilnin

HVALVEIÐAR Ian Campell, umhverfisráðherra Ástralíu, fordæmir áætlan Íslendinga um að veida 39 hrefnur í vísindaskyni í ár. Hann segir að sér ofbjóði áform Íslendinga enda séu þau röng og í andstöðu við meirihluta Alþjóðahvalveiðiráðsins. „Við höfum andstyggt á óskammfeilinni afstöðu Íslendinga, sem ætla að ganga gegn áliti meirihluta almennings. Þetta eru illa dulbúnar veiðar í ábataskyni,“ segir Campell.

Arni Mathiesen sjávarútvegsráðherra segir Ástralía berja höfðinu við steininn. „Þeir reyna stundum að dreifa athyglinni frá umhverfisvandamálum heima fyrir með svona yfirlýsingum.“

- jh

Forsætisráðherra Pólverja:

Uppbyggingin í Írak mistókst

ALPJÓÐAMÁL Forsætisráðherra Póllands, Marek Belka, sagði í gær að uppbyggingin í Írak eftir innrásina hefði farið algjörlega út um þúfur.



MAREK BELKA Sagði að uppbyggingin í Írak eftir innrásina hefði farið út um þúfur.

borðsumræðum á alþjóðlegri ráðstefnu í Svíþjóð, sagði að Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra hefðu gert þau mistök að beita sömu aðferðum við uppbygginguna í Írak og gert var í Þýskalandi eftir síðari heimsstyrjöldina. „Það mistókst algjörlega,“ sagði Belka. „Mörg mistök, mjög stór mistök, hafa verið gerð,“ sagði hann. ■

Kjarnorkudeila:

Tveggja daga frestur gefinn

ÍRAN, AP Íranar samþykktu síðdegis í gær að fresta í tvo daga að opna að nýju kjarnorkuverksmiðju í landinu. Þeir sögðu ástæðuna vera beinið frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni.

Íranar segja Mohammed El-Baradei, yfirmann Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, hafa beðið um frestinn svo hann geti sent eftirlitsmenn í verksmiðjunna til að hafa yfirumsjón með því þegar innsigli Sameinuðu þjóðanna á verksmiðjunni verði rofin.

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin neitar því alfarið að hafa beðið um þennan frest. ■

Lundúnabúar óttast fleiri sprengjuárásir

Viðbúnaður lögreglunnar í Lundúnum er í hámarki vegna ótta um að þriðja hrina árása ríði yfir borgina á næstunni. Þúsundir lögreglumanna gæta lestarstöðva og strætisvagna en úthald lögreglubjóna fer þverrandi.

HRYÐJUVERK Þúsundir lögreglumanna voru við eftirlit á götum Lundúna í gær af ótta við að þriðja alda hryðjuverka væri yfirvofandi og er viðbúnaður í hámarki. Talið er að þriðji hópur sjálfsmorðsárásarmanna ráðist til atlögu innan skamms.

Breska dagblaðið The Times hefur eftir heimildarmönnum í bandarísku leyniþjónustunni að þriðji hópurinn samanstandi af breskum múslimum sem talið er að hafi verið langt komnir í undirbúningi fyrir sprengjuárás á fimmtudaginn í síðustu viku. Blaðið segir að yfirvofandi sprengjuárás á fimmtudaginn hafi verið ástæðan fyrir því að sex þúsund lögreglumenn hafi verið á götum úti og helmingur þeirra vopnaður. Scotland Yard sagði á fimmtudaginn að í gangi væri æfing, sú stærsta frá því í síðari heimsstyrjöldinni, í því skyni að kanna getu lögreglunnar og auka öryggisstillingu borgaranna.

The Times segir að lögregla og leyniþjónustan telji nær öruggt að hryðjuverkamenn reyni þriðju atlöguna á samgöngukerfi borgarinnar. Með henni ætli þeir meðal annars að sýna fram á hversu auðvelt það sé að fá fleiri sjálfsmorðsárásarmenn til samstarfs.

Lögregla og ráðamenn hafa af því áhyggjur hversu lengi sé hægt að halda úti viðlíka viðbúnaði. Ian Blair, yfirlögrelustjóri Lundúnalögreglunnar, segir að úthald lögreglubjóna fari þverrandi og þeir séu orðnir afar þreyttir þrátt fyrir að auka mannafl hafi verið kallað til og leyfi afturkölluð. Lög-



AUKINN VIÐBÚNAÐUR LÖGREGLU Í LUNDÚNUM Í GÆR Þúsundir lögreglumanna stóðu vörð við neðanjarðarlestarstöðvar og vöktuðu strætisvagna í Lundúnum í gær af ótta við þriðju hryðjuverkaárásina.

regluáðgerðirnar kosta um 50 milljónir íslenskra króna á dag.

Rannsókn lögreglunnar beinist nú einna helst að því að kanna tengsl milli árásanna 7. og 21. júlí auk þess sem leit að svokölluðum

lykilmönnum sem skipulögðu árásina stendur yfir. Sjö voru handteknir í Brighton á sunnudag og hafa því alls átján verið handteknir í Bretlandi.

sda@frettabladid.is



LÖGREGLUMAÐUR Á VAKT Lögregla rannsakði garðinn í gær til að ganga úr skugga um að ekki væru fleiri lík grafín þar.

Þýsk kona handtekin:

Talin hafa myrt níu börn sín

ÞÝSKALAND, AP 39 ára þýsk kona var handtekin í gær grunuð um að hafa orðið níu börnum sínum að bana.

Lík nú barna fundust í garði húss í Brieskow-Finkenheerd, þýsku þorpi nærri landamærunum að Póllandi, á sunnudag. Líkin eru talin vera af börnum sem hafi fæðst á árunum 1998 til 2004 og látist skömmu eftir fæðingu. Konan er talin vera móðir barnanna og grunuð um að hafa orðið þeim að bana.

Lögregla með leitarhunda leitaði í garði konunnar í gær til að athuga hvort fleiri lík væru í garðinum.

Fleiri lík af börnum hafa fundist í Þýskalandi undanfarið, tvö í síðustu viku og eitt í júní. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

FÉLL AF HESTBAKI Kona sem féll af hestbaki nærri Búðardal í gærkvöld brotnaði mjög illa á hægri hendi við fallið. Eftir stutta skoðun á heilsugæslustöðinni í Búðardal var hún flutt með sjúkrahúsi til Reykjavíkur þar sem hún gekkst undir aðgerð.

ÁREKSTUR Á REYKJANESBRAUT Minniháttar meiðsl urðu á fólki þegar tveir bílar skulu saman á Reykjanesbraut klukkan sjö í gærkvöld. Að sögn lögreglu voru allir í beltum, en bílarnir voru mikið skemmdir. Tildrög slyssins eru enn í rannsókn.

OF HÁR FYRIR GÖNGIN Flutningabíll með tengivagn reyndi að fara gegnum Hvalfjarðargöng með of háan farm um klukkan sjö í gærkvöld. Slá framan við gjaldskýlið sem er sett í hámarksökutækjahæð í varúðarskyni eyðilagðist þegar ekið var á hana. Litlar tafir urðu á umferð vegna atviksins.

UMFERÐ GEKK VEL Umferð inn í Reykjavík gekk áfallalaust fyrir sig í allan gærdeg. Umferðin var ekki mikið meiri en um venjulega helgi. Lögreglan í Reykjavík tók þó einn fyrir of hraðan akstur seinni-partinn en að öðru leyti gekk umferðin áfallalaust fyrir sig.

SAMGÖNGUR

MANNEKLA HJÁ STRÆTÓ Aðra vikuna í röð verða engar aukaferðir með Strætó bs. á álagstímum eftir stofnleiðum. Ekki verður því ekið á tíu mínútna fresti í þessari viku en að öðru leyti gildir leiðabókinn. Þá verður ekki heldur ekið á tuttugu mínútna fresti á laugardag.

Orri Pétursson býr í Lundúnum:

Lögreglan lokaði húsinu

HRYÐJUVERK Orri Pétursson býr í fjölbýlishúsi við Warren Street neðanjarðarlestarstöðina í miðborg Lundúna, sem var eitt af skotmörkunum 7. júlí. „Neðanjarðarlestarstöðin er beinlínis í kjallaranum hjá okkur og því lokaði lögreglan

húsi okkar yfir nótt eftir sprengingarnar. Enginn íbúanna fékk aðgang, ekki einu sinni til að sækja nauðsynjar,“ segir Orri. „Kærastan mín átti að fara í flug um kvöldið og það lögregluna um að sækja vegabréfið sitt upp í íbúð en það var bara hlegið að okkur,“ segir hann.

„Annars er ástandið orðið í finu lagi núna og komst allt í samt lag ótrúlega fljótt. Því hefur verið haldið fram að meira sé um umferð hjóltreidamanna og gangandi, þótt ég hafi ekki orðið var við það sjálfur,“ segir Orri.

Hann segist verða var við aukinn fjölda lögreglumanna á götum úti og að það auki öryggisstillingu.

„Það var verið að vara við því að þriðja hrinan væri eftir og það yrði mikið áfall ef af því yrði,“ segir hann. „Fólk bíður þó eftir því hvað mun gerast á fimmtudaginn.“

-sda



afsláttur -1kr

Viðskiptakort einstaklinga

Nánari upplýsingar í síma:

591 3100

ATLANTSOLIA Atlantsóla - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

Skundaðu í skólann með eina flotta upp á arminn



GATEWAY M210S

Intel Celeron M 350 1.4GHz, 400 MHz FSB, 1 MB
512 Mb 333MHz DDR vinnsluminni
14" Widescreen TFT skjár (1280x768)
Intel Extreme 2 skjákort, TV-Out
40GB harður diskur, kortalesari
24x/8x DVD/CD-RW geisladrif
Þráðlaust netkort (b/g)
10/100 netkort
Microsoft Windows XP Professional
3xUSB 2.0/FireWire/snertimús
6 Cell Lithium Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Stærð 33x24x3,5 sm / þyngd 2,3 kg
2 ára ábyrgð

Verð 94.900 kr.

Tölvukauplán **S24**

Aðeins 3.032 kr.
meðalgreiðsla á mán.
í 36 mánuði.

**Verð frá
94.900 kr.**
10.000 kr. inneign
fylgir hverri fartölvu



GATEWAY M360S

Intel Celeron M 360 1.4GHz, 400 MHz FSB 1MB
512 Mb 333MHz DDR vinnsluminni
15,4" WXGA TFT skjár (1280x800)
Intel Extreme 2 skjákort, TV-Out
40GB harður diskur, kortalesari
24x/8x DVD/CD-RW geisladrif
Þráðlaust netkort (b/g)
10/100 netkort
Microsoft Windows XP Professional
4xUSB 2.0/FireWire/snertimús
6 Cell Lithium Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Stærð: 36x26x3,4 sm / þyngd 2,8 kg
2 ára ábyrgð

Verð 109.900 kr.

Tölvukauplán **S24**

Aðeins 3.512 kr.
meðalgreiðsla á mán.
í 36 mánuði.

GATEWAY M360X

Intel Pentium M 735 1.7GHz, 400 MHz FSB
512 Mb 333MHz DDR vinnsluminni
15,4" WXGA TFT skjár (1280x800)
Intel Extreme 2 skjákort, TV-Out
60GB harður diskur, kortalesari
8X DVD+/-RW Dual layer DVD skrifari
Þráðlaust netkort (b/g)
10/100 netkort
Microsoft Windows XP Professional
4xUSB 2.0/FireWire/snertimús
8 Cell Lithium Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Stærð 36x26x3,4 sm / þyngd 2,8 kg
2 ára ábyrgð

Verð 124.900 kr.

Tölvukauplán **S24**

Aðeins 3.991 kr.
meðalgreiðsla á mán.
í 36 mánuði.

GATEWAY M460X

Intel Pentium M 740 1.73GHz, 533MHz FSB, 2MB
1024Mb 533MHz DDR2 vinnsluminni
15,4" WXGA TFT skjár (1280x800)
128MB ATI Radeon X600 PCix skjákort,
60GB harður diskur, kortalesari
8X DVD+/-RW Dual layer DVD skrifari
Þráðlaust netkort (b/g)
10/100/1000 netkort
Microsoft Windows XP Professional
4xUSB 2.0/FireWire/snertimús, TV-Out
8 Cell Lithium Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Stærð 36 x 26 x 3,4 sm / þyngd 2,8 kg
2 ára ábyrgð

Verð 154.900 kr.

Tölvukauplán **S24**

Aðeins 4.950 kr.
meðalgreiðsla á mán.
í 36 mánuði.

GATEWAY M680XL

Intel Pentium M 750 1.86GHz, 533MHz FSB, 2MB
1024Mb 533MHz DDR2 vinnsluminni
17" Ultrabright WSXGA+TFT skjár (1680x1050)
128MB ATI Radeon X700 PCix skjákort, TV-Out
100GB harður diskur, kortalesari
8X DVD+/-RW Dual layer DVD skrifari
Þráðlaust netkort (b/g)
10/100/1000 netkort
Microsoft Windows XP Professional
4xUSB 2.0/FireWire/snertimús/talaborð
8 Cell Lithium Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Stærð 41 x 27 x 3,5 sm / þyngd 3,5 kg
2 ára ábyrgð

Verð 199.900 kr.

Tölvukauplán **S24**

Aðeins 6.387 kr.
meðalgreiðsla á mán.
í 36 mánuði.

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 29.07.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	64,65	64,95
Sterlingspund GBP	113,55	114,11
Evra EUR	78,2	78,64
Dönsk króna DKK	10,483	10,545
Norsk króna NOK	9,89	9,948
Sænsk króna SEK	8,32	8,368
Japanskt jen JPY	0,5752	0,5786
SDR	XDR	93,83 94,39

Gengisvísitala krónunnar

109,56

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

George W. Bush skipar John Bolton sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum:

Skipaði sendiherra í þinghléi

BANDARÍKIN. AP George W. Bush Bandaríkjaforseti skipaði John Bolton í gær sendiherra Bandaríkjana hjá Sameinuðu þjóðunum. Bush nýtti sér tækifærið meðan öldungadeild Bandaríkjaþings var í frí og komst þannig hjá staðfestingarferli þingsins þar sem ljóst þótti að miklar deilur yrðu um skipun Bolton.

Bandarísk lögjögjög kveður á um að þingið þurfi að staðfesta helstu skipanir forsetans. Hins vegar er til ákvæði í stjórnarskránni sem gerir forseta kleift að skipa einstakling í embætti þegar þingið er ekki að störfum. Það felur í sér að skipunin er gild þar til nýtt þing



BOLTON, BUSH OG CONDOLEEZZA RICE John Bolton hefur verið einn harðasti gagnrýnandi Sameinuðu þjóðanna og þykir ýmsum hann óheppilegur sendiherra Bandaríkjana hjá samtökunum.

tekur við völdum í janúar 2007.

Demókratar gagnrýndu Bush harkalega, hvort tveggja fyrir að skipa Bolton í embætti sem þeir telja hann óheppilegan á og fyrir að fara svona á svig við þingið.

„Þessi staða er of mikilvæg til að skilja hana eftir ómannaða öllu lengur, sérstaklega á tímum stríðs og mikilvægrar umræðu um framtíð Sameinuðu þjóðanna,“ sagði George W. Bush.

- bþg

Nágrannagæsla í Reykjavík:

Eykur öryggi

LÖGGÆSLA Borgarstjórn hefur óskað eftir samstarfi við lögregluna í Reykjavík í því skyni að efla innbrotsvarnir og koma á fót skipulagðri nágrannavörslu í öllum hverfum borgarinnar.

„Nágrannavörsla er eitt öflugasta vopnið gegn innbrotum og leiðir til fækkunar glæpa og bættrar öryggisfinningar íbúa,“ segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi. „Það er alþekkt erlendis að lögregla og sveitarfélög taki höndum saman við að tvítna saman hverfalög-gæslu og skipulagða nágrannavörslu. Kjartan bendir á að nú þegar vinni lögreglan öflugt forvarnarstarf og innbrotum í borginni hafi til að mynda fækkað tvö ár í röð.“

- sda



ABDULLAH NÝR KONUNGUR SÁDI-ARABÍU Abdullah var einn af krónprinsum Sádi-Arabíu en hefur í raun stjórnað landinu síðasta áratuginn. Hann var hálfbróðir Fahd konungs.

Fahd, konungur Sádi-Arabíu, fallinn frá:

Abdullah tekinn við

MIDAUSTURLÖND Abdullah krónprins af Sádi-Arabíu hefur verið skipaður konungur eftir að Fahd konungur féll frá í gær. Nýi konungurinn er 81 árs gamall og hefur í raun ráðið ríkjum í konungdæminu síðasta áratuginn, en hann var hálfbróðir og náinn samstarfsmaður Fahd konungs, sem sagður var vera 84 ára þegar hann lést.

AP-fréttastofan hefur eftir sendiherra Sádi-Arabíu í Bretlandi, prins Turki bin al-Faisal, að stefna landsins í olíumálum myndi haldast óbreytt. „Kronprinsinn, sem nú er orðinn konungur, átti náið samstarf við hinn látna konung varðandi stefnumörkun í innanríkis-málum sem utanríkismálum,“ sagði Turki. „Og því get ég ekki ímyndað mér að nokkuð muni breytast,“ sagði hann. ■

DANMÖRK

VILL LOKA ÚTVARPSSTÖÐ Danski þingmaðurinn Kamal Qureshi hyggst fara þess á leit við stjórnvöld að lúta útvarpsstöð, Radio Holger, verði lokað. Þetta segir hann nauðsynlegt þar sem stöðin hafi kvatt til ofbeldisverka gegn múslimum. Í fyrra missti stöðin útsendingatíðni sína tímabundið vegna ummæla sem þóttu kynda undir kynþáttahatur.

Mun stærra hlaup en síðast

Vatnsrennsli í Skaftá var komið í 620 rúmmetra á sekúndu í gær og er orðið mun stærra en hlaupið 2003. Oddsteinn Kristjánsson, bóndi í Hvammi, lét sér ekki bregða þó að farið væri að flæða að tünfætinum og sagði þetta í lagi svo fremi að Katla léti ekki á sér kræla.

VATNAVEXTIR Skaftárhlaup náði hámarki í gær og hafði vatnsrennslið mælst mest 620 rúmmetrar á sekúndu þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld. Það er mun meira en í síðasta hlaupi í ánni sem varð árið 2003.

Vöxturinn var hægur og bitandi en þó svo mikill að blaðamaður sem var í Skaftárdal um miðjan dag í gær sá greinileg merki þess að hlaupið færi vaxandi.

Oddsteinn Kristjánsson bóndi, sem fæddur er og bjó í Skaftárdal þar til ársins 1973 en býr nú á Hvammi í Skaftártungu, segist sjá mun á Skaftárhlaupum eftir að gaus við Grímsvötn. „Áður fyrr kom hún allt í einu með mun meiri gassangang, nú fer hún sér hægur en hlaupin



HJÓNIN Í HVAMMI Oddsteinn Kristjánsson og Sigurros Oddný Guðjónsdóttir búa á Hvammi en kippa sér ekki upp við að Skaftá flæði að tünfætinum.



VATNIÐ GEYSIST FRAM Mikíð rennsli er í Skaftá, talsvert meira en síðast þegar hljóp í ánni. Búast má við að vatnsrennslið í ánni verði áfram mikíð næstu daga.

standa frekar lengur yfir,“ segir Oddsteinn.

Hlaupið hafði ekki náð hámarki þegar blaðamaður tók hús á Oddsteini en þó var áin farin að flæða að tünfætinum. Bóndinn að Hvammi er þó uppalinn við bakka Skaftár og lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna þó að Skaftá gerist ágeng. „Það væri öllu verra ef Katla færi að láta á sér kræla, það fer nú að

koma tími á það en hlaupin gera engum mein. Ekki nema það að þau skilja eftir sig sand úti um allar jarðir, það er allt og sumt.“

Sverrir Óskar Elefsen, hjá Vatnamælingum Orkustofnunar, segir fátt hægt að segja um framvindu hlaupsins en taldi þó líklegt í gær að hlaupið myndi réna um kvöldið. Þó yrði vatnsrennslið enn mikíð í dag og næstu daga.


Skaftárhlaup á upptök sín á svæði á Vatnajökli en þar er jarðhiti og því myndast þar svokallaðir katlar. Þeir fyllast af jökulvatni uns undan lætur og hlaup hefst. Katlarnir eru tveir en þar sem ekki hafði verið hægt að fljúga yfir jökulinn í gærkvöld var ekki vitað úr hvorum katlinum hlaupið á upptök sín.

jse@frettabladid.is


VEÐRIÐ Í DAG

SKÚRALOFT YFIR LANDINU


Enda þótt horfur séu á að hann geti rífið ágætlega af sér í dag þannig að sú gula fái sýnt sig, er engu að síður skúraloft yfir meginhluta landsins. Það er því rétt að búast við dembum af og til og það víðast hvar á landinu. En á morgun snýst hann smám saman til norðlægrar áttar á landinu og þá fá Sunnlendingar notið sólarblíðu. Það verður þó líklega ekki mjög lengi því horfur eru á að hann rigni nokkuð víða um næstu helgi!!



Á morgun



Fimmtudagur



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	20°C hálfskýjað	Paris	23°C skýjað-skúrir	Alicante	28°C skýjað-skúrir
Ósló	21°C hálfskýjað	Berlín	22°C heiðskirt	Milano	28°C léttskýjað
Stokkhólmur	23°C léttskýjað	Frankfurt	23°C heiðskirt	New York	33°C heiðskirt
Helsinki	21°C hálfskýjað	Madrid	26°C hálfskýjað	San Francisco	20°C heiðskirt
London	24°C hálfskýjað	Barcelona	26°C hálfskýjað	Orlando/Florida	35°C heiðskirt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Íslenskt
grænmeti

sérmerkt þér!

Átt þú von á glaðningi frá skattinum?

Um þessar mundir fá fjölmargir Íslendingar endurgreiðslu frá Ríkisskattstjóra. Ef þú ert í þeim hópi getur verið skynsamlegt að leggja upphæðina fyrir. KB banki býður upp á frábærar sparnaðarleiðir. Framlengdu ánægjuna og leggðu endurgreiðsluna í sparnað.

Nánari upplýsingar á kbbanki.is, í þjónustuveri í síma 444 7000 eða í næsta útibúi KB banka.

Markaðsreikningur: Vextir eru 5,0-8,15% stighækkandi eftir upphæð.
Kostabók: Vextir eru 5,0-8,15% stighækkandi eftir sparnaðartíma.



KJÖRKASSINN

Verða FH-ingar Íslandsmeistarar karla í fótbolta með fullt hús stiga?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	42,5%
Nei	57,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Först þú á útihátíð um verslunarmannahelgina?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Gallup mælir vaxandi fylgi Sjálfstæðisflokks í borginni:

R-listinn tapar meirihluta

FYLGISKÖNNUN R-listinn fengi 47 prósentu fylgi en listi Sjálfstæðisflokksins 48 prósent ef kosid yrði til borgarstjórnar nú.

Þetta er niðurstaða nýrrar fylgiskönnunar sem Gallup hefur gert. Miðað við könnun síðastliðð haust tapar R-listinn um sex prósentustigum en Sjálfstæðisflokkurinn bætir öðru eins við sig.

R-listinn tapar meirihluta sínum samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Hann fengi sjö menn kjörna en Sjálfstæðisflokkurinn átta. Fylgi Frjálslynda flokksins er um 5 prósent og kæmi hann ekki manni að. Munurinn á fylgi R-listans og Sjálfstæðisflokksins er lítil og telst ekki



RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR R-listinn tapar 6 prósentustigum en Sjálfstæðisflokkur bætir öðru eins við sig miðað við síðustu könnun Gallup.

marktækur í könnuninni.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi R-listans, segir ljóst nú sem oft áður að tvær álíka stórar fylkingar takist á um völdin í borginni. „Þetta er líklega ávísun á spennandi kosningar í borginni næsta vor.“

Guðlaugur Þór Þórðarson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir ánægjulegt að sjá sókn flokksins á flestum vígstöðvum. „Þetta endurspeglar málefnalega og mikla vinnu okkar undir stjórn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar.“

Megrunarrisi í vanda:

Atkins fer í greiðslustöðvun

BANDARÍKIN. AP Atkins Nutritional, fyrirtækið sem hefur verið einna fremst í að breiða út megrunarkúr sem byggir á því að borða ekki kolefni, hefur farið fram á greiðslustöðvun.

Atkinskúrinn og aðrir álíka megrunarkúrar slógu í gegn þar sem forsvarsmenn þeirra sögðu þá gera fólki kleift að grennast þó það borðaði ógrynni af feitum mat.

Í seinni tíð hefur mjög dregið úr vinsældum kúranna, ekki síst þar sem næringarfræðingar og læknar segja slíka kúra auka hættu á margvíslegum sjúkdómum. ■

EVROPA

SÓSÍALISTAR Í SÓKN Spænski stjórnarflokkurinn hefur aukið fylgi sitt samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Hann mælist með 41,9 prósentu fylgi en Lýðflokkurinn, sem var áður við völd, mælist með 36,4 prósentu fylgi.

HÚS Í HATTLÍKI Hús sem byggja á við Pompidou-miðstöðina í Metz í suðurhluta Frakklands lítur út eins og hattur kínversks bónda ef yfirvöld menningarmála fá sitt fram. Viðbótarhúsnæðið á að auka sýningarrými Pompidou-miðstöðvarinnar verulega.

30 LÉTUST Í UMFERÐINI Í það minnsta 30 manns létu lífið í 25 umferðarslysum á Spáni frá föstudegi til mánudags. Fyrsta helgin í ágúst er mikil ferðahelgi á Spáni og mikið um banaslys. Í fyrra lést 21 í umferðinni þessa sömu helgi og 3.516 manns allt árið.

Kirkjubæjarklaustur:

Fólkið sótti í góða veðrið

VERSLUNARMANNAHELGIN Hátt í þrjú þúsund komu á Kirkjubæjarklaustur um verslunarmannahelgina samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Vík í Mýrdal.

Engin skipulögð dagskrá var þar, en mjög góðu veðri hafði verið spáð. Þessi mikla aðsókn kom lögreglunni í opna skjöldu, en allt fór vel fram nema að nokkur ölvun var á dansleik á laugardagskvöldið þar sem kom til ryskinga.

Um sex þúsund gestir voru á unglíngalandsmóti Ungmennafélags Íslands í Vík, og því hátt í níu þúsund gestir í umdæmi Víkurlögreglunnar, sem er líklega meira en fjöldi aðkomumanna í Vestmannaeyjum.

- grs



BREKKUSÖNGURINN Í FULLUM GANGI Árni Johnsen leiddi brekkusöng á Þjóðhátíð í Eyjum.

Þjóðhátíð í Eyjum heppnaðist mjög vel:

Hundruð tepptust í Eyjum vegna veðurs

VESTMANNAEYJAR Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum heppnaðist mjög vel og talið er að hátt í tíu þúsund manns hafi verið í Herjólfssdal. Veður setti þó strík í reikninginn og hamlaði flugi frá Vestmannaeyjum í gær.

Lögreglan segir hátíðina hafa gengið mjög vel og tímunum saman hafi lögreglan engin símtöl fengið. 99,9% gestanna voru mjög gott fólk, sagði einn lögreglumannanna þar. Engar nauðganir voru kærðar en hátt í þrjátíu smávægileg fíkniefnamál komu upp um helgina. Fyrstu tvær næturnar voru rólegar en nokkur erill var aðfaranótt

mánudags. Tvær líkamsrásir voru kærðar í gærmorgun.

Flug til Reykjavíkur tafðist nokkuð seinnipartinn í gær vegna veðurs og nokkur hundruð manns komust ekki í bæinn. Þá var hætt að fljúga á Bakkaflugvöll upp úr hádegi. Um 150 manns dvöldust á Vestmannaeyjaflugvelli en þar gekk allt vandræðalaust fyrir sig. Einnig var nokkuð af fólki sem dvaldist í íþróttahúsinu.

Talið er að um sex þúsund þjóðhátíðargestir hafi komið ofan af landi til Eyja frá fimmtudeginum, og þar af hátt í 1.800 með flugi.

- grs



Í **GALTALÆK** Börnin fylgjast með morgunstund barnanna í Galtalæk um helgina.

Bindindismótinu í Galtalæk slitið í 45. sinn:

Engin þörf fyrir lögreglu

ÚTÍHÁTIÐIR „Hér skemmti fólk sér vel án áfengis og það erum við afar ánægð með því það er skemmtilegast af öllu að vera í faðmi fjölskyldunnar án þess að vera undir áhrifum,“ segir Sævar Finnbogason í undirbúningsnefnd bindindismótsins í Galtalæk. Bindindissamtökin IOGT héldu sitt 45. mót í Galtalæk í ár sem fram fór í ágætis veðri meðal um þrjú þúsund og fimm hundruð gesta mótsins.

Dagskráin í Galtalæk var þétt skipuð með skemmtiatriðum fyrir yngstu kynslóðina auk

þess sem mikið var um afþreyingu og leiktæki fyrir börnin. Auk þess léku hljómsveitir fyrir dansi fyrir unglínging og fullorðna á stóra sviðinu í Galtalækjarskógi líkt og undanfarin ár.

„Þetta gekk allt að óskum og ekki eitt einasta lögreglumál kom hér upp. Þetta er hátíð fjölskyldna og barnanna sérstaklega og allir skemmtu sér vel. Þetta er það sem við vildum og stefndum að og það gekk upp nú sem fyrr. Þetta mót var sérstaklega vel heppnað,“ segir Sævar.

- hb

Helgin í Reykjavík:

Erilsamar nætur í borginni

LÖGREGLUMÁL Helgin var síður en svo róleg hjá lögreglunni í Reykjavík þrátt fyrir að fjöldi fólks væri utanbæjar um helgina. Næturnar voru að sögn lögreglu erilsamar og alls ekki minna að gera en um venjulega helgi þótt minna af fólki væri í bænum.

Fíkniefni fundust á mörgum um helgina, en ekki hafði gefist tími til að taka fjöldann saman. Þá komu upp á annan tug ölvunaraksturamála. Ekki var mikið um tilkynningar á innbrotum og vonaðist lögreglan til þess að eftirlit með ómerkum bílum hefði skilað árangri.

- grs



SÍLDARÆVINTYRI Gestir Síldarævintýrisins fylgjast með söltun að gömlum síð.

Síldarævintýri á Siglufirði:

Hátíðin gekk eins og í sögu

SÍLDARÆVINTYRI Elías Bjarni Ís-fjörð, framkvæmdastjóri Síldarævintýrisins á Siglufirði, segist mjög ánægður með hátíðina í ár en hann telur að hátt í fjögur þúsund gestir hafi verið á Siglufirði þegar flest var á laugardegnum. „Þetta hefði varla getað gengið betur,“ segir Elías.

Lögreglan segir þrjú fíkniefnamál hafa komið upp á hátíðinni en öll hafi þau verið smávægileg. Engar alvarlegar líkamsrásir komu til kasta lögreglunnar.

Hápunktur hátíðarinnar var landlegudansleikur með Miðaldarmönnum og Helenu Eyjólfsdóttur á sunnudagskvöldinu.

- kk

Blönduós og nágrenni:

Lögreglan tók 120 öikumenn

LÖGREGLUFRETTIR Lögreglan á Blönduósi hafði tekið um 120 öikumenn fyrir of hraðan akstur þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær, en ekki var búið að bóka öll atvik. Umferðin gekk almennt vel og engin alvarleg óhöpp urðu þar um helgina.

Þrátt fyrir mikið eftirlit mældist aðeins einn ökumaður undir áhrifum áfengis þar um helgina. Einnig fundust fíkniefni í litlu magni í einum bíl um helgina.

Að sögn lögreglunnar á Blönduósi var umferð um helgina ívið meiri en um síðustu helgar.

- grs

www.ibudalan.is

Einfaldari leið að íbúðakaupum

Að fjármagna íbúðakaup hjá **Íbúðalán.is** er einfalt, fljótlegt og þægilegt. Þú ferð einfaldlega inn á vefslóðina www.ibudalan.is og gengur frá þínum málum í tveimur einföldum skrefum

- greiðslumatinu og lánsúmsókninni.

Fasteignasalinn sendir síðan kauptilboðið rafrænt til **Íbúðalán.is**

Íbúðalán.is

www.ibudalan.is

LAGERSALA

Galtalæk
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

- Hægri dyr

Leynist tímamótahugmynd hjá þér?



Íslandsbanki styður nýsköpun

Nýsköpun 2005 er samkeppni um gerð viðskiptaáætlana. Markmiðið er að laða fram áhugaverðar hugmyndir og verkefni, auka þekkingu í gerð viðskiptaáætlana og auka verðmætasköpun í íslensku samfélagi.

Ef þú eða fyrirtækið þitt hefur snjalla, frumlega eða spennandi hugmynd á þróunum er Nýsköpun 2005 kjörið tækifæri til að koma henni á framfæri.

- Þátttaka er ókeypis
- Áætlunin þín fær vandaða umsögn sérfræðinga
- Vegleg peningaverðlaun
- Valin verkefni fá stuðning frá löntæknistofnun

Nánari upplýsingar um keppnina og leiðbeiningar um gerð viðskiptaáætlana er að finna á www.nyskopun.is og isb.is.

Skilafrestur er til 1. september 2005



Þjóðaráttak um nýsköpun

Íslandsbanki er stoltur bakhjarl Nýsköpunar 2005



ÍSLANDBANKI | 100%

www.icelandair.is/newyork

New York



Flug og gisting í þrjár nætur

Verð frá 49.990 kr.

Verð á mann í tvíþýli á Cosmopolitan Hotel
15.-18. des., 20.-23. jan., 24.-27. feb., 10.-13. mars
Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og þjónustugjöld

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair
í síma 50 50 100 (svarað mánuð. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17
og á sunnudögum kl. 10-16).

Nú getur þú notað 10.000 Vildarpunkta
sem 5.500 kr. greiðslu upp í fargjaldið.



út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is



Á tilboði
í ágúst 2005



Ræstifata Rocket
3.725 kr

Unilav ræstitæki með
40cm moppugrind
5.988 kr

Ræstivagn Spider Max
7.831 kr

Opnunartími
í verslun RV:

Mánudaga til föstudaga
frá kl. 8:00 til 18:00
Laugardaga frá
kl. 10:00 til 14:00

Gleðilegar ræstingar!

Fötur, vagnar og ræstitæki fyrir stór og smá fyrirtæki og stofnanir

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Álfaborgarséns á Borgarfirði:

Gestum fjölgaði milli ára

ÁLFABORGARSÉNS Á milli 500 og 700 manns voru í blíðskaparveðri á Borgarfirði eystri um verslunarmannahelgina en þar var hátíðin Álfaborgarséns haldin. Að sögn skipuleggjanda gekk hátíðin vel og voru töluvert fleiri gestir í ár en í fyrra.

Leikarinn Steinn Ármann Magnússon stjórnaði hagrýðingakvöldi á föstudagskvöldinu en Steinn á ættir að rekja til Borgarfjarðar. Dansleikir voru bæði á föstudags- og laugardagskvöldið og á laugardag var fjölskyldudagskrá í Breiðuvík sunnan fjarðarins.



FRÁ BREIÐUVÍK Að sögn heimamanna hafa aldrei fleiri verið saman komnir í Breiðuvík en á laugardag voru þar á þriðja hundrað manns og hátt í 80 ökutækni.

- kk



HÁTÍÐARGESTIR „Lögreglan stóð sig frábærlega og gestir hátíðarinnar sýndu að hægt er að halda fjölmenna fjölskylduhátíð þar sem gleði og hamingja er í fyrirrúmi,” segir Bragi Bergmann, talsmaður Vína Akureyrar sem stóðu að hátíðinni á Akureyri.

Fjölmenni á útihátíðinni Ein með öllu á Akureyri:

Aldrei fleiri í brekkusöngnum

FJÖLMENNI Fjölskylduhátíðin Ein með öllu var haldin í fimmta sinn á Akureyri og var hún fjölmennasta hátíðin sem haldin var um verslunarmannahelgina í ár. Lögreglu og aðstandendum hátíðarinnar ber saman um að mjög vel hafi tekist til og hátíð-

in hafi staðið vel undir nafni sem fjölskylduhátíð. Lögreglan segir engin alvarleg afbrot skyggja á hátíðina og fækkun hafi verið í öllum brotaflokkum frá fyrri hátíðum.

Bragi Bergmann, talsmaður Vína Akureyrar, segir að 10 til 12 þúsund gestir hafi komið til bæjarins um helgina og að með töldum heimamönnum hafi 20 til 25 þúsund manns verið á Akureyri um verslunarmannahelgina. Hápunktur hátíðarinnar var fjölmennur brekku- og stúkusöngur á aðalþröttasvæði bæjarins á sunnudagskvöldinu. „Meiri fjöldi hefur aldrei komið saman á íþröttasvæðinu en á milli 16 og 18 þúsund manns voru á íþröttavellinum og klöppunum í kring. Ég er í skýjunum með hátíðina í ár enda var hún sú langbesta sem haldin hefur verið á Akureyri og án alvarlegra vandræða,” segir Bragi.

- kk



FJÖLMENNI Aldrei hafa fleiri verið saman komnir á íþröttasvæðinu en á sunnudagskvöldið þegar þar voru 16 til 18 þúsund manns.

Tvö þúsund manns á Neistaflugi í Neskaupstað:

Fjölmenni í sólarblíðu

NEISTAFLUG Lögreglan í Neskaupstað segir að fjölskylduhátíðin Neistaflug í Neskaupstað hafi gengið mjög vel og betur en undanfarin ár. Segir lögreglan að um 2.000 gestir hafi verið á hátíðinni, fyrir utan bæjarbúa, og nokkuð um ölvun á kvöldin en engar alvarlegar líkamsárásir. Þrjú fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar og einn ökumaður var tekinn fyrir ölvunarakstur.

Dagskrá Neistaflugs lauk aðfaranótt mánudagsins með dansleik í Egilsbúð þar sem Sálin hans Jóns míns lék fyrir dansi en fyrir um kvöldið var varðeldur, brekkusöngur, skemmtiatriði og flugeldasýning við Nesskóla.



Í SÓL OG SUMARYL Veðrið lék við Norðfirðinga og gesti þeirra á Neistaflugi en sól og hátt í 20 stiga hiti var lengst af hátíðarinnar.

- kk

Stórútsala

í Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

40-75% afsláttur

af völdum vörum

TAKMARKAÐ MAGN, FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ



Hægindastóll leður



Kommóður og náttborð
- NOKKRAR TEGUNDIR



Rúm án dýnu - NOKKRAR TEGUNDIR



Svefnstóll



Gestarúm/sófi



Nuddstóll TS-804F
- NOKKRAR TEGUNDIR



Leðursófasett 3+1+1 3171
- NOKKRAR TEGUNDIR



Leðursófasett 3+2+1 601
- NOKKRAR TEGUNDIR



Leðursófasett 3+1+1
- NOKKRAR TEGUNDIR

Gildir til 9. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmitilegast að versla

*Fæst í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri.

ÚTSALA



gorenje ÖRBYLGJUÖFN

Verð kr. 9.900

Áður kr. 15.500

RÖNNING

Borgartúni 24 | Reykjavík | Sími: 562 4011 | Óseyri 2 | Akureyri | Sími: 460 0800

ÚTSALA



FAGOR ÞVOTTAVÉL
1100 SNÚNINGA

Verð kr. 39.900

Áður kr. 69.900

RÖNNING

Borgartúni 24 | Reykjavík | Sími: 562 4011 | Óseyri 2 | Akureyri | Sími: 460 0800

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



GRÍMSEY Mikið var um skjálfta í nágrenni eyjarinnar í fyrrinótt.

Skjálftahrina við Grímsey:

Snarpur kippur í gærmorgun

JARÐSKJÁLFTI Skjálftahrina hófst við Grímsey í fyrrakvöld. Upptök skjálftanna voru um 16 kílómetra austur af eyinni og mældist snarpasti skjálftinn yfir fjórum stigum laust upp úr klukkan sex í gærmorgun.

Vilborg Sigurðardóttir í Grímsey segir að einhverjir hafi fundið kipp-

inn í gærmorgun og jafnvel fleiri en einn. „Sjálfr svaf ég þetta af mér,“ segir Vilborg sem kveðst orðin von smáskjálftum.

Nokkrir smáskjálftar urðu fram eftir degi í gær, en tugir skjálfta hafa mælst á svæðinu norður af landinu í hrinunni sem hófst á sunnudagskvöld.

Myrta tíu manns:

Maður gekk berserksgang

MEXÍKÓ, AP Hálfertugur karlmaður myrta tíu manns í San Jeronimo de Juarez, rólegum bæ í Mexíkó. Eigin kona hans og ellefu mánaða frændi voru meðal þeirra sem maðurinn myrtaði.

Konu sína og barnið myrta maðurinn með hnífi. Eftir það myrta hann lögreglumann og náði af honum hriðskotariffli sem hann notaði til að skjóta sjö einstaklinga til bana, þeirra á meðal tvö börn.

Lögreglumenn skutu manninn í magann þannig að hann féll til jarðar, þá réðust vegfarendur á hann með sveðjum og myrta hann án þess að lögreglan kæmi nokkrum vörnum við. ■



UNNIÐ AÐ VIÐGERÐ Á ALÞJÓÐLEGU GEIMSTÖÐINNI Tveir geimfarar úr Discovery, Stephen Robinson og Soichi Noguchi, fóru í gær út fyrir geimferjuna í fimm klukkutíma til að laga stýribúnað alþjóðlegru geimstöðvarinnar.

Þjóðast til að fljúga geimförunum heim

Rússneskir geimvísindamenn hafa lúmskt gaman af vandræðum bandarísku geimvísindastofnunarinnar NASA. Einn þeirra segist reiðubúinn að senda geimflaugar á loft til að ná áhöfn geimferjunnar Discovery niður.

RÚSSLAND, AP „Ef við vinnum mjög hratt getum við flutt geimfarana níu til jarðar í janúar eða febrúar með þremur Soyuz-geimförum,“ sagði Nikolai Sevastyanov, yfirmaður RKK Energia, rússnesks geimvísindafyrirtækis í ríkiseigu. Hann segir að telji Bandaríkjamenn ekki óhætt að fljúga geimferjunni Discovery til jarðar geti Rússar séð um að bjarga geimförunum úr himingeimnum.

Það yrði reyndar ekki auðunnið verk fyrir Rússana að sækja geimfarana níu, sjö um borð í Discovery og tvo í alþjóðlegru geimstöðinni. Rússarnir þyrftu að byggja geimförin því þau eru ekki tilbúin núna. Geimförin sem Sevastyanov vill nota

eru af gerðinni Soyuz sem leit fyrst dagsins ljós á sjöunda áratug síðustu aldar. Þau eru frábrugðin bandarísku geimferjunum að því leyti að þau geta ekki lent á flugvöllum heldur svífa þau til jarðar og eru því einnota. Að auki eru þau mjög þröng og geimfararnir gætu hvorki hreyft legg né lið meðan á flugi Soyuz stendur.

Þó að hugmyndin þyki óraunhæf, geimfararnir hafa hvorki mat né vatn til svo langrar dvalar úti í geimnum, er hún til marks um það sjálfstraust sem rússneskir geimvísindamenn hafa endurheimt á ný síðustu árin. Í hálf þriðja ár eftir að Columbia sprakk á leið til jarðar sáu Rússar alfarið um flug til og frá alþjóðlegru geimstöðinni.

Sérfræðingar bandarísku geimvísindastofnunarinnar NASA reyna nú að meta hversu alvarlegar skemmdirnar sem urðu á Discovery í flugtaki eru. Einangrunarbútar sem rifnuðu af sínum stað hanga utan á geimferjunni og kann að fara svo að gera verði við þær áður en reynt verður að fljúga geimferjunni til jarðar. Það yrði þá í fyrsta skipti sem geimfarar yrðu að framkvæma slíka viðgerð á neðri hluta geimferju úti í geimnum.

Sérfræðingar stofnunarinnar voru ekki á eitt sáttir um hvort gera þyrfti við skemmdirnar eða hvort óhætt væri að fljúga Discovery til jarðar án viðgerðar.

brynjolfur@frettabladid.is

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

Frjáls íbúðalán

4,15%

4,15% verðtryggðir vextir

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar. Þú getur litið inn í Lág múla 6, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

100%
veðsetningarlutfall

Útsalan
hefst í dag kl. 10.00



PUMA
BÚÐIN

Laugavegur 42 - www.pumabudin.is

Sími 551 5599

FRIIS  COMPANY[®]

Útsalan
hefst í dag kl 10


Töskur Skór Belti Fylgihlutir Töskur Skór Belti Fylgihlutir Töskur Skór B

Laugavegi 55 sími 534-0044 Mán-Föst 10-18 Lau 11-16

SVONA ERUM VIÐ

Vöruskiptahalli á fyrri hluta árs.

Heimild: HAGSTOFAN



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HEIMSVIÐSKIPTASTOFNUNIN

Stofnanalegur rammi um alþjóðaviðskipti

Heimsviðskiptastofnunin, WTO, er eina alþjóðastofnunin sem fæst við að setja reglur um viðskipti milli ríkja heims. Meginhlutverk stofnunarinnar er að sjá til þess að alþjóðaviðskipti gangi eins auðveldlega, áreiðanlega og frjálst fyrir sig og unnt er. Því vilja margir líta á stofnunina sem eins konar holdgerfing hnattvæðingarinnar. WTO var sett á laggirnar þann 1. janúar 1995 í kjölfar Úrúgvæviðræðnanna, sem var áttunda og umfangsmesta viðskiptasamningalotan innan vébanda GATT-samningsins frá 1947 (e.: General Agreement on Tariffs and Trade). Sá samningur var upprunalega gerður í því augnamiði að draga úr hindrunum í milliríkjavíðskiptum. Ísland gerðist aðili að GATT-samningnum þann 21. apríl 1968 og síðar stofnaðili að airtaka hans, WTO. WTO myndar lagalegan og stofnanalegan



Á FUNDI WTO Fulltrúar Noregs, Jan Petersen utanríkisráðherra og Lars Sponheim landbúnaðarráðherra á fundi Heimsviðskiptastofnunarinnar í Genf.

ramma utan um það kerfi alþjóðaviðskipta sem tekist hefur að koma á fyrir tilstilli GATT-samninganna. Grundvallarmarkmið stofnunarinnar er að auka frjálsræði og tryggja réttaröryggi í heimsviðskiptum og

stuðla þar með að hagvexti og efnahagslegri þróun í ríkjum heims. Starfssvið WTO er ekki einskorðað við endurbættan GATT-samning um vöruviðskipti (GATT 1994). Alls eru 29 samningar í umsjá stofnunarinnar, þ.á.m. samningar um landbúnað, þjónustuviðskipti, hugverkaréttindi og lausn deilumála. WTO er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd þessara samninga, vera vettvangur fjölþjóðlegra samningaviðræðna á viðskiptasviðinu, leysa viðskiptadeilur sem upp kunna að koma milli samningsaðila og taka viðskiptastefnu þeirra til athugunar með reglubundnum hætti. Nú er nýhafin í Genf, þar sem höfuðstöðvar stofnunarinnar eru til húsa, ný samningalota þar sem markmiðið er að fá ríku ríkin til að opna markaði sína betur fyrir afurðum fátækra ríkja. Alls eiga 148 ríki nú aðild að stofnuninni. - aa

RESCUE ME

MIÐVIKUDAGA KL. 21:00



FYLGSTU MEÐ!



SIRKUS



STUÐNINGSMENN FAGNA VIGDÍSI Vigdís sigraði sinn helsta keppinaut, Guðlaug Þorvaldsson, með um 1,5 prósentum atkvæða. Kosid var 29. júní en Vigdís tók við embætti 1. ágúst.

Pólitísk, en ekki flokkspólitísk

Aldarfjórðungur er síðan Vigdís Finnbogadóttir tók við forsetaembætti, fyrsta kona heims sem var þjóðkjörin til slíks embættis. Hún var pólitískur forseti en þó ekki á flokkspólitískum línunum segir Svanur Kristjánsson stjórnmálafræðingur.

Vigdís Finnbogadóttir, þá starfandi sem leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur, var kjörin forseti Íslands í forsetakosningum þann 29. júní árið 1980. Þrír voru á mót henni í framboði, þeir Guðlaugur Þorvaldsson sem hlaut um 32 pró-

lengur og Ólafur Ragnar Grímsson var kjörin forseti.

Vigdís fékk einu sinni mótframboð í forsetakosningum en það var árið 1988 þegar Sigrún Þorsteinsdóttir húsmóðir úr Vestmannaeyjum bauð sig fram á mót henni. Var það í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins sem sitjandi forseti fékk á sig mótframboð. Skemmst frá sagt hlaut Vigdís þá yfirgnæfandi meirihluta atkvæða eða 94,5 prósent á mót rúnum fimm prósentum sem Sigrún hlaut.

Pólitískur forseti

Svanur Kristjánsson stjórnmálafræðingur hefur kynnt sér forsetatíð Vigdísar flestum fremur. Hann segir Vigdís hafa verið pólitískan forseta þó ekki hafi hún verið flokkspólitísk. Hún hafi þannig haldið hátt á lofti sjónarmiðum um ævarandi hlutleysi Íslands og lagt áherslu á að eiga friðsamleg samskipti við þjóðir þessa heims.



FRÉTTASKÝRING FORSETAÞÍÐ VIGDÍÐAR FINNBOGADÓTTUR

ODDUR ÁSTRÁÐSSON
BLAÐAMAÐUR

sent atkvæða, Albert Guðmundsson sem hlaut tæp 20 prósent og Pétur Thorsteinnsson er hlaut 14 prósent atkvæða. Vigdís hlaut sjálf rúm 33 prósent og sigraði með einungis 1.900 atkvæða mun. Hún tók svo við embætti 1. ágúst sama ár og því er nú liðinn aldarfjórðungur frá embættistöku hennar.

Kjör Vigdísar vakti mikla athygli úti í hinum stóra heimi, ekki síst fyrir þær sakir að Íslendingar kusu fyrstir þjóða konu í embætti þjóðarleiðtoga í almennum, lýðræðislegum kosningum. Hróður Vigdísar barst á næstu árum víða um heim og óhætt er að segja að þjóðin hafi verið stolt af forseta sínum. Hún gegndi embættinu í fjögur kjörtímabil eða til ársins 1996 þegar hún gaf ekki kost á sér



SAUNA

Súperform á fjórum vikum!

Hversu oft hefur þú reynt að komast í betra form, ná tökum á mataræðinu og byrja að hreyfa þig reglulega en ekkert breytist? Námskeiðið Súperform á 4 vikum hjá Goran Kristófer, íþróttfræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu eftir sumarið. Ef þú vilt:

- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormónajafnvægi
- Andlega vellíðan
- Auka minnið og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrenslu, hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina, hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

- Fimm tímar í viku
- Brennsla og styrking
- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottunum að æfingu lokinni
Harmonikur frá kr. 29 þús. Ýmsar stærðir. Uppl. EG-tónar, sími 462 7374.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsyn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

Tölvur



Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Fríðrik). Frá kl 8-23.

Ódýrar tölvuviðgerðir!

Allhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894 eftir kl.18:00.

Vélar og verkfæri

Notuð steinsög til sölu

Notuð steinsög og sleðasög, glussaunir (vökvadæla) og kjarnaborunarvél til sölu. Uppl. í s. 893 3236. Vilhelm.

Til bygginga



Límtré. Gott úrval af gæðalímtré: Eik, Beyki, Mahony, Hnota, Hlynur, Birkir, Kirsuber, Askur, Tekk. Þykktir 19-42mm. Efnissalan. S. 554 5400.

Verslun



100% Verðvernd!!!!

Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskrófu um land allt.

birta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 FRÉTTABLAÐIÐ LÉTT 96,7 VÍSIR

Rafmótorar - gírmótorar Fálkinn

Tekjublað Frjálsrar verslunar er komið. Penninn-Eymundsson.

Frístundarlóðir, www.langa.is

Ársalir Fasteignamiðlun, www.arsalir.is

Vantar þig andlegt les-fni? Andrés Önd og Myndasögusyrpur á næsta blaðsöluastað. Edda-útgáfa.

Gamla góða Kaupmannahöfn. www.salkaforlag.is

Smáauglýsingasími Blaðsins, 510-3737 þar sem smáauglýsingarnar kosta aðeins 555.- krónur stykk-ið.

Tekjublaðið er komið út. Frjáls Verslun.

Tekjublaðið. Frjáls Verslun.


Tekjur 2.400 Íslendinga. Frjáls Verslun.

Tekjublaðið á næsta blaðsöluastað. Frjáls Verslun.

Ársalir Fasteignamiðlun, 533-4200.

Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð

Hringu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á Bylgjunni, Létt og Talstöðinni og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is
Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.



TIL SÖLU



Mikið úrval af niðsterkum garðhúsgögnum sem eiga að standa úti allt árið. Viðarkó, Dalvegi 28. www.vidarko.is Sími 517-8509 Stærstir á Íslandi í garðhúsgögnum.

ÚTSALA ÚTSALA!
Brjóstahaldarar 500 kr. og 1000 kr.
Nærfarassett frá 1490 kr. Náttfílnaður
og fatnaður 30-50% afsláttur.




Sjáumst. COS
Glæsibæ
S. 588 5575



Útsalan er hafin. 20-50% afsláttur af öllum sumaryörum. Opíð frá 10-18 virka daga. ATH lokað á laugardögum í sumari. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.

Ýmislegt



Til sölu 5 stk. 12 kg. og 1 stk. 23 kg. Speed Queen iðnaðarþvottavél. 13 stk. topphlaðnar General Electric 10 kg. þvottavél. 14 stórir Speed Queen og International þurkarar. Uppl. í s. 663 5901.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Nostra Hreingerningaráþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stígagangabrif og teppahreinsanir. Uppl. í s. 824 1455 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Garðyrkja

Túnþökur.
Túnþökurullur, túnþökur og holtagróður ávallt fyrirleggjandi
Túnverk ehf. 892 3666
Gylfi Jónsson

Tökum garðinn í gegn!
Sláum gras, klippum/fellum tré, hreinsum beð, eitrum tré og túnfífla, þökuleggjum, helluleggjum og margt margt fleira.
Gerum góð tilboð.
Sláttumenn - Garðþjónusta.
Þórhallur s. 846 0864
Hjörleifur s. 868 2667.

Túnþökur.
Túnþökur og holtagróður til sölu.
Túnþökusala Oddsteins
Sími: 663 6666

Túnþökur til sölu. Heimkeyrsla í RVK innifalin. S. 847 5007 grassalan@sim-net.is

Túnþökusala Oddsteins
Gerum tilboð í minni og stærri verk. tek einnig að mér lagningu. Steini. s. 663 6666/663 7666

Tökum að okkur hellulagnir og ýmis önnur verk. Steinafláttir Uppl. s. 699 8826.

Alhliða garðyrkjuþjónusta. Halldór garðyrkjumaður sími 698 1215.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930

Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Helst inniverk. Eyjólfur. S. 867 4325.

Meindýraeyðing

MeinVarnir ehf.
Sími: 898-2801
Reynsla, öryggi og fagleg þjónusta
Með starfsleyfi og í Félags meindýraeyða

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

Búslóðaflutningar

Flutningaþjónusta Brynjars.
S. 898 6565.

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560.

Húsaviðhald

STEINSTEYPUÖGUN KJARNABORUN
• MÚRBROT
• MALBIKSSÖGUN
DRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI ehf.
Bakkafelli 8 112 NVR
www.sagtaekni.is
S: 567 4262 & 893 3236

Protan þakdúkar
Lett-Tak þakeiningar
FAGTÚN
Brautarholt 8, 105 Reykjavík
fagtun@fagtun.is www.fagtun.is

Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögnum, parketlögnum, málningu og öðrum viðhaldsverkum. Uppl. í síma 824 7587.

Stíflubjónusta

Stíflulosun Röramyndun
Lesa stíflur er salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

FJARLÆGJUM STÍFLUR
úr vöskum, wc-lögnum, baðkerum, niðurföllum, þak & drenlögnum.
RÖRAMYNDAVÉL DÆLUBÍLL
Valur Helgason ehf
896 1100 - 568 8806
www.stifla.is

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennislögnum. Stíflubjónusta Geirs, s. 697 3933.

Tölvur

Parftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Dell GX280 + Dell 1704 FP skjár. Einnig nokkrar tölvur, skjár og prentarar á góðu verði. Sjá <http://tolvur.vortex.is> S. 525 4994 & 893 4595.

Innrömmun

Hjá Hirti verður lokað v/ sumarleyfa 23. júlí-7. ágúst. Upplýsingar á xnet.is/hjihirti

Spádómar

SPÁMIDILL LÆKNAMIDILL-HEILUN
TEK FÓLK Í EINKATÍMA
905-7010 697-8602

Alspá 908-6440
Orkulaus? Óþarfi. Nýjar leiðir, miðlun og huglækningar. 10-22. Y.Carlsson.

Spásíminn s. 908 5666. Ársspá 2005. Stjörmuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

Dulspékisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Hanna 908-6040
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spíla-spá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

908 6116 er spákonan Sírrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímip. í s. 823 6393.

Ólöf spámiðill
er tímabundið á landinu. V/ óska viðskiptavina verður símaspáin opin alla daga vikunnar tímabundið. Símaspá í síma 905 7000.

Er byrjuð aftur vegna fjölda áskoranna. Spái í spil og lófa, vinn einnig með smærri eða stærri hópa af fólki að sjá úr sínum fyrri lífum. Uppl. í síma 562 5210.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasmakerfi og geri við eldi. Endurnýja raflagnir í stærri húsnæðum ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Flijót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Lögilltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Viðgerðir

PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.
Nýlagnir/ breytingar almennt viðhald.
Sími 897 6613.
Gísli Steingrímsson.
Lögilltur pípuálagningar-meistari.

SLÁTTUVELAÞJÓNUSTA
Velaverkstæði JS
Dálvegur 26 - 281 Kópavogur
Símar: 554 0661
897 4996
699 2502

Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuor, sláttutraktorar, garðlöysing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagur, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554-0661. www.velaverkjis.is

HEILSA

Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.

HERBALIFE! Frábær fæðubót. Jonna 896 0935 & 562 0935. www.heilsufrettir.is/jonna

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife á toppnum í 25 ár! Shapeworks-Nouri Fusion www.arangur.is s. 586 8786.

Nudd

Vilt þú losna við bakverkina án lyfja og slaka á í leiðinni? Heilsustofa Lilju og Ella. S. 699 0858.

Snyrting

Flottar neglur
Acryl og gelneglur. Gott verð. Supernova hair og Airbrush Studio. Uppl. í s. 511 1552.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Microsoft CERTIFIED
Systems Administrator

Microsoft kerfistjóránám hefst 5. september. Rafiðnaðarskólinn. www.rafis.is s. 863 2186

Talstöðin
FM 90,9

HEIMILIÐ

Húsgögn

Rekkjan
Skipholt 35 Sími 588 1955 www.rekkjan.is



Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?
Rekkjan, Skipholt 35. Sími 588 1955.



Tiskustólar verð kr.14,900 www.rum.is snorrabraut 56 RVK s.551-5200 Glérárgötu 36 Akureyri 461-5300

Vínrautt sófasett úr EXO til sölu, 2 stólar og sófi, uppl. í síma 860 9955 og 553 3156.

Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

Barnavörur

Leiðist barninu í bílnum? Bækur á cd-diskum fást á www.hljodbok.is og í b.búðum.

Dýrahald



Croft léttbúur fyrir hunda. Dýrabær, Hlíðasmára 9 kóp. Opíð mán - föst 11:30-18:00, laugardaga 11-15:00. Sími 553 3062.



Erum með AM. Cocker Spaniel hvolpa til sölu. Tegundin hentar m.a mjög vel sem heimilshundur. Uppl.á www.draumora.com og 661 9876.



Ungversk Vizsla fjölskyldu og veiðihundur. Upplýsingar um hvolpa til sölu í sínum 555 2820 og 693 1280 eða á erlajons@yahoo.com. Með ættbók HRFÍ, örmerktir, sprautaðir og tryggðir.

Hundabúr-Hvolpagrindur
Full bú af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opíð mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Sex ára dísparpágaukur og búr fást gefins. Uppl. í síma 693 5675 eftir kl. 16.

Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eignum potta hlaðna aukahlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru sumartilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opíð alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 mvehf@hive.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

STANGAHALDARAR



SPORTVÖRUGERDIN
SKIPHOLT 5 562 8383

www.sportvorugerdin.is

CORTLAND
Sérfræðingar í fluguveiði
Mæjum stangir, spílum línur og setjum upp.
Sportvörugerdin hf.,
Skiptholt 5, s. 562 8383.

www.sportvorugerdin.is



Tóti Tönn og Ingó Ásgeirs fengu 42 laxa á þessa túpu. fæst á www.frances.is

Veiðiportíð
ORVIS
Frábært Jaxon fluguveiðisetið með hágræða orvis flugulínu á aðeins 12.980 kr.
Veiðiportíð langódyrast Grandagarði 3. Sími:552-9940

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

Veidiportíð



Loop skottinur!
Almennt verð 7900 kr.
Okkar verð 2990 kr.
Veidiportíð ódýrasta
veidihúðin á landinu.
Grandagarói 3.
Sími: 552-9940

Bleik og blá



Þetta er ein skæðasta sjöbleikjuflugan. Fæst óþyngd og þyngd á www.frances.is

Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungur og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

Þú færð allt í veiðiferðina í Veiðideild InterSport Bildshöfða. Mikíð úrval af beitu; maðk, makríl og sandsli. Erum einnig með fallegar laxa- og silungafflugur, hnýttar af Dr. Jónasi Jónassyni (Dr. Frances). Yfirföllum og smyrjum hjól að kostnaðarlausu og spólum uppá nýjar línur á meðan beðið er. Veiðideild InterSport Bildshöfða.

Fluguveiði á fjöllum
Kaldakvísl, Tungnaá, Þórisvatn, Fellsendavatn, Kvíslarveitur, gisting Versalur. Veiðileyfi: Hálandismíðstöðin Hrauneyjar.

Ýmislegt

Fjarstýrðir Rafmagns og bensínbílur



Verð frá kr. 29.900,-

vdb.is
Borgartún 36 - s: 588-974

Tófragarðurinn Stokkseyri
Húsdýra- og skemmtigarður
Opíð alla daga 10-18




Teymt undir börnum á hestbak frá kl. 14-16 um helgar
www.stokkseyri.is
tofrar@stokkseyri.is
483-3800

Talstöðin FM 90,9



Sumaropnun:
Alla daga frá 14 - 21
Pakkubúðir fyrir helga
Kafliþveigjar og líffæra



Draugasetríð
Stokkseyri
S. 483-1262
www.draugasetríð.is
Ísland,
sækjum það heim

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Íbúð til leigu
Til leigu er góð 2ja herb. íbúð nálægt Kringlunni.
Uppl. í s. 897 2875.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3ja herbergja 75 fm íbúð í Kópavogi til leigu frá ca 1. september '05. Reglusami, reykleysi og skilvisi skilyrði. Upplýsingar í síma 660 0088 og siximus@hotmail.com

3ja herb. íbúð í vogahverfi til leigu kr. 75 þús. á mán. 3 mánuðir fyrirfram. Uppl. í s. 862 2041.

Kaupmannahöfn
Herbergi til leigu á Amager, með húsgögnum og interneti. S. +4532971467 & Gsm +4528202880.

Húsnæði óskast

Erum tvær á leið í nám og óskum eftir 2ja-3ja herb. íbúð sem næst Hl. Reyklausar og reglusamar. Uppl. í s. 865 4789 og 865 3070.

Óska eftir 4ra herb. íbúð á svæði 101/105/107/104. Greiðslugeta 100 þús. Langtímaleiga. Skilvisar greiðslur, reykleysi og góð umgengni. Uppl. í síma 848 4941.

Reglusamur og reyklaus karlmaður óskar eftir herb. eða lítilli íbúð í RVK. Skilvisum greiðslum heitið. Michael S. 699 2165.

VANTAR EINSTAKLINGSÍB.
Roskinn rólyndis reglumáður, þrífinn og traustur. Sími 661 7281.

Par með eitt barn vantar 3ja herb. íbúð í Hafnarfirði, skilvisum greiðslum heitið. Uppl. í s. 698 8405.

Sumarbústaðir

Sumarbústaður óskast í Borgarfirði má þarfnast lagfæringa. Stærð ca. 30-40 fm. Verð ca. 4 millj. S. 895 3005.

Atvinnuhúsnæði



Frábær vinnuskúr til sölu 3x6 metrar. Hefur staðið inni allan sinn líftíma í upphitðu húsnæði. Eldhúsaðstaða og klósett ásamt rafmagnskyndingu og rafhituðu vatni. Upplýsingar gefur Hjálti í síma 821 6560.

Vesturbær Kópavogi. Óska eftir húsnæði undir léttan íðnað, 150-200 fm. helst við Kársnesið í vesturbæ Kópavogs. Uppl. 897 6350.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. Uppl. í s. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Geymsluhúsnæði



Þinn eign geymslublúskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað www.veymsla.is. S. 564 6500.

ATVINNA

Atvinna í boði

Vantar starfsmann sem fyrst
Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í bakarí okkar, ekki yngri en 20 ára.
Kökuhornið, Bæjarlind.
Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.

Óskum eftir að ráða menn í eftirfarandi stöður
Óska eftir að ráða gröfumann sem fyrst, um er að ræða vinnu á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni, vinnuvélapróf áskilið. Verkamenn óskast í jarðvinnu, um er að ræða vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Einnig óskast maður á jarðvinnu til að vinna við plægingar, um er að ræða vinnu á ýmsum stöðum á landinu.
Rafstrengir ehf., Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík.
Upplýsingar í síma 822 1551 & 595 1500.

Þríf
Heimilishjálpar óskast til að annast þríf á heimili í hverfi 108, vinnutími frá 8-12 mánuð. og föstud. Uppl. í s. 588 9074 & 897 2875.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Rizzo Pizzeria. Okkur vantar fólk til starfa strax. Uppl. á staðnum Hraunbæ 121.

Í Bónus í vetur
Bónus auglýsir eftir starfsfólki til afgreiðslu á kassa í nokkrar af verslunum fyrirtækisins, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Leitað er að fólki á öllum aldri í fullt starf og hlutastarf fyrir veturinn. Áhugasamir geta snúið sér til næsta verslunarstjóra, starfsmannastjóra á skrifstofu Bónus eða sótt um á bonus.is.

Klufur ehf. Óska eftir vélamönnum og verkamönnum. (vinnuvélaréttindi æskileg) Uppl. í s. 893 1831.

Málarar
Málarar eða menn vanir málingarvinnu óskast. Áferð ehf. Uppl. í síma 696 5656.

Skemmtileg vinna í vetur!!!
Vantar fólk í vinnu, bæði um að ræða fullt starf og hlutstjór. Vaktavinna, sveigianlegur vinnutími. Umsóknir á Subway-stöðunum og á netinu subway.is.

Óska eftir gröfumönnum og verkamönnum í Reykjavík. Mjög mikil vinna framundan. Uppl. í síma 695 2399 & 695 0556.

Pípari og aðstoðarmaður óskast. Upplýsingar í síma 892 4598 eða á joma.is

Matvælfyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir að ráða verkstjóra í vinnslusal. Viðkomandi þarf helst að vera með menntun eða góða reynslu á sviði matvælaframleiðslu. Í starfinu felst að hafa umsjón með m.a. starfmannamálum, gæðamálum ofl. Einungis rök og glögg manneskja kemur til greina. Uppl. í síma 897 6350.

Matvælfyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir að ráða manneskju í almenna skrifstofuvinnu. Þarf að hafa kunnáttu í TOK. Einungis töluglög og áreiðanleg manneskja kemur til greina. Uppl. í síma 897 6350.

Bílstjóri
Oliudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstörf á Reyðarfirði. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Störf standa báðum kynjum jafnt til boða. Allar nánari upplýsingar veitir: Már í síma 474 1525 tölvupóstfang mar@odr.is

Ritfangaverlsun
Leikfanga og ritfangaverlsun óskar eftir starfsfólki allan daginn. Svör berist til Fréttablaðsins merkt "stílabók"

Verkamannavinna. Vantar duglega menn í vinnu í 3 vikur. Frá og með 4. ágúst. Eingöngu eldri en 20 ára koma til greina. Upplýsingar í síma 896 9507.

Bakari
Okkur vantar bakara í kökuhúsið, Auðbrekkur. Uppl. gefur Örvar s. 693 9093.

Afgreiðsla/bakari
Afgreiðslufólk óskast í kökuhúsið Aubrekkur. Uppl. á staðnum og s. 554 2708.

NK kaffi kringlunni
Óskum eftir að ráða fólk í afgreiðslu í fullt starf og einnig í helgarstörf, ekki yngri en 18 ára. Einnig starfskraft í smurbrauð. Uppl. á staðnum og síma 568 9040.

Járnsmiður óskast
Viljum ráða vanan járnsmið eða suðumann. Vélvík ehf. Höfðabakka 1. Sími 587 9960.

Óskum eftir að ráða bifreiðstjóra og vélamenn með meirapróf og reynslu til starfa á Vesturlandi. Mikil vinna. Uppl. í síma 895 9812.

Steinsteypusögun!
Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Uppl. í síma 893 3236.

Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir húsnæðismann í vinnu. Upplýsingar í síma 893 9722, Kristján.

Langar þér að læra að fá sístreymi af tekjum, áttu lausar 8-10 klukkustundir á viku. Kíktu á e-photomax.tk

Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13, óskar eftir áhugasömum starfsmanni. Um framtíðarstarf er að ræða. Uppl. gefur Elin í s. 822 1919.

Annan stýrimann og háseta vantar á netabát sem stundar grálúðuveiðar og frýstir aflan um borð. Uppl. hjá skipstjóra í s. 843 4258.

Atvinna óskast

Bífvélavirkjanemi sem kominn er langt með námið og með margvísleg réttindi óskar eftir að komast á starfsnema-samning á bilaverkstæði á Suðurnesjum eða höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í símunum 551 6962 og 695 2375.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið



Grá persnensk læða týndist frá Fljótaseli 14. Ef einhver hefur séð hana vinnsamlegast hafið samband í s. 899 5783.

Einkamál

TANTRA
ERÓTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA OPÍD MAN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AD FÁKAFENI!! EGA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR
WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

XXX DVD

BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásveggi 24 s. 568 6635
Opíð 15.00 - 23.30

KVÖLDPÁTTURINN
ALLA VIRKA DAGA



FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

RESCUE ME
MIÐVIKUDAGA KL. 21:00



FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að hringja í síma 550 5000 til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur ekki fengið Fréttablaðið, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörðsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI: **550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ



Lágafellsskóli í Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi með öflugum starfsfólki í glæsilegum, vel búnum skóla þar sem ríkir góður starfsandi.

Óskum eftir að ráða nú þegar kennara til dönskukennslu í 7. - 10. bekk í 100% starf. Laun samkv. kjarasamningi LN og KÍ.

Ennfremur óskast skólaliðar til starfa frá 15. ágúst í ræstingu, gangavörslu, gæslu og í skólabíl.

Laun skv. kjarasamningi LN og Stamos.

Upplýsingar um störf gefa Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri í síma 896-8230 og Sigríður Johnsen, skólastjóri s: 896-8210 Umsóknir sendist á johannam@lagafellsskoli.is eða sjohnsen@ismennt.is

KENNARASTARF Í TJARNARSKÓLA

Við viljum ráða fjölbreyttan og hugmyndafræðan kennara að skólanum. Helstu kennslugreinar: Íslenska, danska og samfélagsgreinar (stærðfræði kæmi einnig til greina).

Tjarnarskóli er lítill skóli með stórt hjarta fyrir nemendur í 8., 9., og 10. bekk.

Starfið krefst þess að vel sé hugað að hverjum og einum nemanda í rólegu og notalegu námsumhverfi.

Kennslan er einstaklingsmiðuð. Mannræktin er í fyrirrúmi í skólanum og mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og góða námstækni.

Upplýsingar veitir Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri.



LÆKJARGÖTU 14b, símar 891 6899 og 568 9951 tjarnar@ismennt.is

Tjarnarskóli - lítill skóli með stórt hjarta!

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Kjöt- og fisktorg.



Ferskar kjötvörur og Furðufiskar óska eftir að ráða starfsmann til að hafa umsjón með kjöt- og fisktorgi í verslun Hagkaupa í Smáralindinni. Um er að ræða fullt starf. Umsækjandi þarf að hafa reynslu og áhuga á að starfa með matvæli.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 660-6300 og 699-4000 milli kl. 09.00 og 17.00 virka daga.



Viltu sveigjanlegan vinnutíma?

Við leitum að starfsfólki í hlutastörf í verslun okkar í vetur, virka daga sem og um helgar. Einnig leitum við að starfsfólki í fullt starf. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, stundvís og þjónustulipur. Við bjóðum mjög sveigjanlegan vinnutíma og fjölbreytt vinnuumhverfi.

Umsóknareyðublöð er að finna á www.IKEA.is og þjónustuborði IKEA, tilgreina þarf starfið sem sótt er um.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lífandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.

atvinna o.fl.

Ertu að leita að góðum starfsmanni?

Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

LESTUR: DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *

	20-40 ára
Sunnudagsblað Fréttablaðsins	60,4%
Sunnudagsblað Morgunblaðsins	37,0%
Styrkur Fbl. umfram Mbl.	54,8%

* Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýfstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í júní sl. Ekki er tekið tillit til frídreifingar Morgunblaðsins.

Rúmlega helmingi fleiri Íslendingar á aldrinum 20-40 ára lesa sunnudagsblað Fréttablaðsins framyfir Morgunblaðið.

Um 60% Íslendinga á sama aldri fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.

alt

- markvissar auglýsingar -

SÖLUFULLTRÚAR

Sölufulltrúar óskast til starfa á fasteignasölu RE/MAX Kópavogi.

Óskað er eftir metnaðarfullum og drífandi einstaklingum. Miklir tekjumöguleikar. Reynsla ekki skilyrði.

Tekið er á mótí umsóknum hjá RE/MAX, Bæjarlind 12, 201 Kópavogi á morgun milli 11:00 - 13:00.

RE/MAX Kópavogur

Réttir bílar

Bífreiddasmiður og maður vanur bifreiðaviðgerðum óskast til starfa sem fyrst.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Upplýsingar í síma 896-3044.

HEILDSÖLUÚTSALA

Gjafavara - Kventöskur - Snyrtibuddur og fleira og fleira milli kl. 1 og 5 næstu daga.

Dugguvogi 12 - Að ofanverðu

birta

» FRÁBÆR SJÓNVARPSDAGSKRÁ ALLA DAGA

FÖSTUDAGUR

LAUGARDAGUR

SUNNUDAGUR

MÁNUDAGUR

ÞRIÐJUDAGUR

MIDVIKUDAGUR

FIMMUDAGUR

birta

SUNDLAUG KÓPAVOGS



Sundlaug Kópavogs við Borgarholtsbraut var tekin í notkun 1. febrúar 1991. Eldri laug stóð þar áður en hún var opnuð árið 1967, og gegnir nú hlutverki barnalaugar. Aðallaug er 1.250 fermetrar, mesta dýpt er 1,8 metrar en grynnt er hún 0,93 metrar. Auk aðallaugar er barnalaugin, fimm heitir pottar, eimbað, sauna auk Nautilus líkamsræktarstöðvar í kjallara.. Arkitekt mannvirkisins er Högna Sigurðardóttir. Á síðustu árum hafa um 500 þúsund gestir sótt laugin árlaga. Forstöðumaður er Gunnar Harðarson og rekstrarstjóri er Vildis Guðmundsdóttir.



DRAUMAHÚSIÐ MITT NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR LEIKKONA

Fallegasta húsið í Vesturbænum

„Ég bý eiginlega í draumahúsinu mínu sem er fjölbýlishús á Melunum í Vesturbænum,“ segir Nanna Kristín Magnúsdóttir þegar hún er spurð út í draumahúsið sitt. „Ég bý í kjallaranum og væri alveg til í að færa mig ofar í húsinu í framtíðinni enda er þetta fallegt hús og gott að búa hér. Það er reyndar verið að flikka upp á húsið að utan þessa dagana, skipta um glugga og svoleiðis, þannig að ég vakna við loftbor og læti á morgnana sem er dálítið þreytandi. Þetta verður ábyggilega flottasta húsið í Vesturbænum þegar framkvæmdunum er lokið,“ segir Nanna Kristín.


Hún segir að staðsetningin skipti mestu og það sé í raun hverfið sjálf sem gerir húsið að draumahúsi. „Ég

elska þetta hverfi og það er frábært að búa hér. Stutt á Ægissíðuna og stutt í sundlaugin. Hverfið er heimilislegt og það er gaman að labba héra um. Fara í Melabúðina og Ísbúðina á Hagamel en þar fæst besti ísinn í bænum. Svo er apótek á horninu hjá mér og þangað er alltaf gaman að koma því konurnar sem vinna þar eru svo yndislegar,“ segir Nanna Kristín.



Nönnu Kristínu þykir staðsetning hússins skipta mestu máli og er hrifin af Vesturbænum.

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



Fólksflótti er vandamál á Vestfjörðum

Reis á einum degi

Súðavíkurreppur reynir að fjölga íbúum með byggingu tveggja einbýlishúsa.

Hús reis á einum degi á Súðavík í síðustu viku eftir því sem fram kemur á vef Súðavíkurrepps. Byrjað var að reisa húsið um morguninn en þakið var komið á það í eftirmiðdaginn. Slíkur hraði við byggingar byggist á því að húsið er tilbúið í einingum áður en það er reist. Húseiningarnar eru tilbúnar til notkunar og ekki þarf einu sinni að mála húsið eftir að það er sett saman.

Annað eins hús bíður eftir að vera sett saman en húsin tvö eru byggð af Súðavíkurreppi. Annað húsananna hefur þegar verið selt en um er að ræða 177 fermetra einbýlishús sem hreppurinn byggir til að reyna að fjöga íbúum sveitarfélagsins. Verðið á húsunum er sextán milljónir en bygging þeirra kostar um tuttugu milljónir og borgar hreppurinn það sem ber í milli.

SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Vísis

Ertu á höttunum eftir nýju húsnæði?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU: Áttu samskipti við nágranna þína?

Oft	21,67%
Stundum	57,50%
Aldrei	20,83%

Ný og glæsileg timbursala

Opið
alla daga til 19



Verið velkomin í Grafarholt

Það skiptir ekki máli hvernig veðrið er því að í timbursölu Húsasmíðjunnar í Grafarholti fer öll afgreiðsla fram inni. Þú keyrir bílinn einfaldlega inn og sækir það sem þig vantar. Ef þig vantar kerru til að flytja timbrið heim getur þú leigt hana á staðnum.

Við höfum opið alla daga vikunnar til kl. 19.



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Við græðum ef herinn fer

UMRÆÐAN
VARNARLIÐIÐ



LÚÐVÍK GIZURARSON
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Keflavíkurflugvöllur allur í okkar eigin höndum er réttlætismál. Bandaríkjamenn segjast núna margir vilja fara. Nú er að láta verða af því, Bandaríkjamenn.

Frá því var skýrt á baksíðu Morgunblaðsins fyrir nokkrum dögum að hermenn á Kerflavíkurflugvelli fengju benzín til einkaþarfa á íslenskar kr. 37 pr. ltr. Jafnframt var birt mynd með fréttinni þar sem hermaður af vellinum var með fjölda af benzínbrúsum hengda með spottum utan á herjeppa sinn til að flytja 37 kr. benzín út af vellinum. Er skattlaust til ríkissjóðs Íslands.

Um leið og Íslendingar hefðu tekið við Keflavíkurflugvelli og rækju hann einir og með öllum hætti samkvæmt íslenskum lögum þá myndi benzín þar hækka í um 100 kr. lítinn úr 37 kr. í dag. Ríkissjóður fengi þá um 50 krónur í tekjur af hverjum lítra af benzíni seldu á vellinum. Líklega

gætu slíkar tekjur ríkissjóðs frá vellinum gert núverandi nýlega hækkun á diselolíu óþarfa. Væri sangjörn lausn. Völlurinn borgar of litla skatta til ríkissjóðs Íslands.

Önnur skattfrjáls atvinna á vellinum er svokallaðar PX-búðir, þar sem matvara og annað er selt án skatta í ríkissjóð okkar svo sem t.d. virðisaukaskatts. Um leið og völlurinn væri rekinn af Íslendingum einum þá kæmi þarna Hagkaup og 10-11 verzlanagerir í stað þessara skattlausu PX-verzlana núna. Tekjur ríkissjóðs okkar af matvörusölu einni o.fl. yrðu fljótt miljarðar króna á vellinum í skatta enda sama matvöruverð þá á vellinum og í Keflavík. Það er réttlætismál að allir í Keflavík og á vellinum borgi sama verð fyrir matar-kaup sín og aðra vöru.

Tollfrjálst áfengi og bjór hefur alla tíð flætt á vellinum og út af honum t.d. niður í Keflavík í stórum stíl. Með völinn í okkar innlenda rekstri myndu gilda þar sömu tollreglur á áfengi og t.d. í Reykjavík. Ríkissjóður okkar og ÁTVR fengju því réttar og löglegar tekjur af því mikla tollfrjálsa áfengi sem flæðir núna á vellinum og í nágrenni hans í dag. Það er réttlætismál að allir borgi sama verð fyrir áfengi. Líka á vellinum. Keflavíkurflugvöllur allur í okkar eigin höndum er réttlætismál. Bandaríkjamenn segjast núna margir vilja fara. Nú er að láta verða af því, Bandaríkjamenn. ■

UPPGÖTNUM REYKJAVÍK UPP Á NYTT!

MEMUR ÖT ALLA FÖSTUDAGA / VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HEISTU BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

SIRKUS
NYTT TÍMARIT. NÝR TÓN.



RISAÚTSALA Á REIÐHJÓLUM!

20-45% afsláttur af öllum reiðhjólum.

Útileiktæki með 30% afslætti.

Mikið úrval reiðhjóla fyrir alla aldurshópa:
þríhjól, barnahjól, herra og dömuhjól.



MARKIÐ

www.markid.is • Sími: 553 5320 • Ármúla 40

www.toyota.is



Sumir draumar rætast

Avensis - Upplifun

Avensis stendur undir miklum væntingum. Bíllinn er ríkulega hlaðinn staðalbúnaði. Innri hönnun einkennist af miklu rými og þægindum fyrir ökumann og farþega. Avensis hefur sjálfvirkan regnskynjara á þurrkum,

tölvustýrða loftræstingu í miðstöð, hágæða hljómflutningstæki og afar fullkominn hemlunar- og öryggisbúnað. Komdu í reynsluakstur og láttu drauma þína rætast í veruleikanum. Næst ekur þú Avensis.

Verð frá 2.340.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

ALEXANDER GRAHAM BELL (1847-1922)
lést þennan dag.



„Þegar einar dyr lokast opnast aðrar, en við einblinum of oft á lokuðu dyrnar og tökum ekki eftir þeim sem opnast okkur.“

Alexander Graham Bell var uppfinningamaður sem fann upp símann og stofnaði Bell símafyrirtækið.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Sprenging á lestarstöð í Bologna

Mikil sprenging skók lestarstöðina í ítölsku borginni Bologna þennan dag árið 1980.

Sprengian sprakk að morgni dags í loftkældum biðsal stöðvarinnar, þar sem saman var kominn mikill fjöldi fólks sem hafði flúið kæfandi hitann fyrir utan. 85 létust í sprengingunni og voru flestir Ítalir. Yfir þúsund björgunarmenn leituðu í rústunum. Hermenn lokuðu svæðið af en þó nokkrir almennir borgarar komust inn á svæðið og hófu leit að vinum og vandamönnum.

Sprengingin varð sama dag og dómstóll í Bologna dæmdi átta menn fyrir aðra árás á lestarstöð sex árum áður. Árásin í Bologna er alvarlegasta hryðjuverk í ítalskri sögu og er þar þekkt sem blóðbaðið í Bologna. Premur dögum eftir sprenginguna hóf almenningur tveggja tíma fjöldaverkfall til að lýsa yfir andúð á ódæðinu. Þó nokkrir voru handteknir vegna sprengingarinnar á næstu vikum en enginn var dæmdur. Almennt er talið að hægri öfgamenn hafi staðið fyrir árásinni.



2. ÁGÚST 1980

MERKISATBURÐIR

- 1874** Þjóðhátíð er haldin í Reykjavík og víðar. Þá er í fyrsta sinn sunginn Lofsöngur sem hefst á orðunum Ó, Guð vors lands.
- 1924** Flogið er í fyrsta sinn yfir Atlantshaf til Íslands, frá Orkneyjum til Hornafjarðar.
- 1934** Við lát þýska forsetans Hindenburg verður Adolf Hitler kanslari leiðtogi Þjóðverja. Á þýsku nefndur der Führer.
- 1988** Kanadísk flugvél ferst í aðflugi að Reykjavíkurlflugvelli.
- 1990** Írak ræðst inn í Kúvæt með yfir hundrað þúsund manna herlið.
- 1995** Rússalerki í Hallormstaðarskógi nær 20 metra hæð og er þar með hæsta tré landsins.

JARÐARFARIR

13.00 **Þorbjörg Guðný Aradóttir**, Akra-landi 3, áður Pránderlundi í Gnúpverjahreppi, verður jarðsöngin frá Skálholtskirkju.

13.30 **Július Eirísson**, Kirkjuvegi 11, áður Höfn, Dalvík, verður jarðsöngin frá Dalvíkurkirkju.

14.00 **Þráinn Þórisson**, fyrrverandi skólastjóri, Skútustöðum, Mývatnssveit, verður jarðsöngin frá Skútustaðakirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfirir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is. Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

AFMÆLI

Ingunn Jensdóttir leikkona er 64 ára.



Björn Brynjúlfur Björnsson, formaður Félags kvikmyndagerðarmanna, er 49 ára.



Þorvaldur Örylgsson knattspyrnumaður er 39 ára.



HILDUR PETERSEN Hildur ætlar að verja afmælisdeginum á vínbúgörðum í Kaliforníu.

HILDUR PETERSEN STJÓRNARFORMAÐUR ÁTVR OG SPRON ER FIMMTUG

Dreypir á víni í Napa Valley

„Ég ætla að sinna mínu aðal áhugamáli sem er vínheimurinn,“ segir Hildur Petersen, stjórnarformaður ÁTVR og SPRON, sem ætlar að eyða fimmtugsafmæli sínu í Napa Valley vínræktarhéraðinu í Kaliforníu. Þar ætlar Hildur að smakka á því sem vínbúgarðarnir hafa upp á að bjóða en Hildi finnst heillandi hve margt er hægt að læra um vínmenningu.

Kvikmyndin Sideways sem gerist einmitt í vínhéruðum Kaliforníu er í töluverðu upphaldi hjá Hildi. „Ég hef meira að segja haldið boð sem var með því þema. Þar drukkum við þau vín sem voru í myndinni og sýndum

brot úr myndinni inn á milli,“ segir Hildur sem ætlar að þræða vínbúgarðana ásamt vesturlenski frænku sinni. „Ég kynntist henni fyrir um fjórum árum og þá kom í ljós að hún hafði nákvæmlega sama áhuga og ég,“ segir Hildur sem hefur gaman af að halda boð og bjóða fólki til sín.

„En ég sá það strax að þriðjudagur eftir verslunarmannahelgi væri ekki akkurat dagurinn til að halda upp á fimmtugsafmæli,“ segir Hildur og hlær en hún hefur oftast ekki haldið upp á afmæli sín eftir daginn sjálfan enda margir í sumarfrí á þessum tíma. Hildur segist hafa bæði gaman af að gefa og þiggja gjaf-

ir. „Ég er hins vegar löngu vaxin upp úr því að fá óvæntar gjafir frá fjölskyldunni. Mér finnst betra að gera þetta að skemmtilegri stund. Þá förum við saman og kaupum það sem mig langar í,“ segir hún glæðlega.

Hildur er nýlega orðinn stjórnarformaður Kaffitárs og er einnig varaformaður FKA félagskvænna í atvinnurekstri. „Auðvitad hefur maður fylgst með kvennabaráttunni í gegnum tíðina en mín skoðun er sú að maður þarf að lifa eftir sinni sannfæringu og gæta sín á því að láta ekki karlmenn troða sér um tær. Eitt er að boða boðskapinn og annað að lifa eftir honum.“ ■

FYRSTA STARFIÐ: ÓTTARR PROPPÉ BÓKSALI OG TÓNLISTARMAÐUR

Jóðlað innan um hættuleg eiturefni

„Það er spurning,“ segir Óttarr Proppé, bóksali og tónlistarmaður, inntur eftir því hvert hans fyrsta starf hafi verið. „Ég er ekki viss um hvort það hafi verið fyrsta starfið mitt,“ rifjar hann upp, „en fyrsta starfið sem mig rekur minni til var sumarafleysingastarf í efnalaug suður í Hafnarfirði þegar ég var fimmtán eða sextán ára gamall.“

Óttarr stoppaði ekki lengi í efnalauginni en líkaði vistin vel. „Í kaffinu heimsótti okkur oft gamall karl með flotta derhúfu. Hann talaði við okkur um gamla kúrekamúsík og jóðlaði stundum þegar það lá vel á honum. Starfið sameinaði þannig stórhættuleg eiturefni og jóðl. Það er varla hægt að biðja um mikið meira.“

Óttarr lýsir starfinu sem dæmigerðri sumarvinnu og man ekki til þess að hafa keypt sér nokkuð sérstakt fyrir launin né að starfið hafi haft langvarandi áhrif á vinnusíðferði hans. „Þetta kenndi mér fyrst og fremst að varast stórhættuleg eiturefni.“ ■



ÓTTARR PROPPÉ Bóksali og tónlistarmaður.



Elskulegur maður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Matthías Andrésón

fyrirverandi tollvörður og útskurðarmaður, Lækjarsmára 6, Kópavogi,

andaðist á LSH Fossvogi fimmtudaginn 28. júlí.

Kristín Eggertsdóttir

Ásrún Matthíasdóttir
Marta Matthíasdóttir
Eggert Matthíasson
Þórhallur Matthíasson

Jón Friðrik Sigurðsson

Nanna Pálsdóttir
Elsa María Davíðsdóttir

og barnabörn

Fróðleikur af gardur.is



Rithöfundur og mannvinnur:

Ólafía Jóhannsdóttir

Ólafía Jóhannsdóttir var fædd að Mosfelli 22. okt. 1863, dóttir Jóhanns prests Benediktssonar og k.h. Ragnheiðar Sveinsdóttur, föðursystur Einars skálds Benediktssonar. Ólst upp hjá móðursystur sinni Þorbjörgu Sveinsdóttur ljósmóður og kvenréttindafrömuði. Eftir nám og kennslu fór hún til náms og starfa í

Danmörku 1892. Hún var í Noregi 1894, kynntist starfi Hvítbandsins og hélt fyrirlestra. Tók þátt í stofnun Hins ísl. kvenfélags, var formaður Hvítbandsdeildar þess frá stofnun 1895 og fór bindindisleiðangra, m.a. um N-Ameríku 1897-8, sögð hrifandi mælskukona, enda stórvel gefin. Þá vann hún um tíma í Bretlandi og Noregi. Heimkomin 1901 vann hún að aðhlyningu drykkjumanna og sjúkra. Var kölluð af Hvítbandinu til Noregs 1903, þó heilsulítil. Varð þar fyrir trúarreynslu, hjálpaði vegalausum og föllnum konum, stóð fyrir stofnunum í því skyni, lengst í Osló. Bók hennar Aumastar allra vakti eftirtekt og örvaði fjársöfnun til nýs kvennahælis. Kom heim 1921 og hélt samkomur. Ólafía lézt í Osló 21. júní 1924, ógift og barnlaus. Jarðsett í Reykjavík, reistur þar bautasteinn og andlitsmynd hennar reist í Osló 1930. Hefur henni verið líkt við helga menn kristinnar kirkju. Rit: Daglegt ljós, De Ulykkeligste (Aumastar allra, 1923), Frá myrkri til ljóss; ritstjórn og greinarskrif.

Meira á gardur.is

Ólafía hvílir í Hólavallagarði svæði N - 505, sjá nánar á www.gardur.is

Hægt er að setja inn zeivdrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

LEGSTEINAR

S: HELGASON

Skemmuvegi 48

S: 557 6677

www.steinsmidjan.is

ÚTSALA
20-50%
afslattur

**Ótrúlegt úrval af raftækjum
Komdu strax...**

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Opið virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-16

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

Gerðu betri kaup!

RISAUÚ

BÍLMAGNARAR
BÍLHÁTALARAR
BÍLTÆKI

SJÓNVARPSTÆKI
MYNDAVÉLAR
FERÐATAÆKI

MAGNARAR
GEISLASPILARAR
ÍSSKÁPAR

MYNDBANDSTÆKI
KAFFIVÉLAR
ÖRBYLGJUOFNAR
PNOTTAVÉLAR

BRAUÐRISTAR
SAMLOKUGRILL
RYKSUGUR
ELDAVÉLAR

ÖRBYLGJUOFNAR
BRAUÐRISTAR
SAMLOKUGRILL
RYKSUGUR
UPPPNOTTAVÉLAR
HRAERIVÉLAR
STRAUJÁRN
VÖFFLUJÁRN
PRÁÐLAUSIR SÍMAR
HÁFAR
RAKVÉLAR

CASIO

 Lenco
AUDIO-VIDEO

NAD

KENWOOD

PHILIPS

SuperTech

UNITED

BEKO

 DeLonghi

elna

exDo

ide line

Melissa

TecnoWind

 Bauknecht

 Bompani

GeneralFrost

 INDESIT

VESTFRÖST

 Whirlpool

HÁTALARAR

HEYRNARTÓL

HLJÓMBORÐ

ÚTVÖRP

MEIRA EN 500
VÖRUTEGUNDIR MEÐ
ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

TSALLA

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

DVD SPILARAR

MP3 SPILARAR

PLASMA SJÓNVÖRP

LCD SJÓNVÖRP

SÍMAR

HLJÓMBORÐ með allt að 40% afslætti
POTTAR og PÖNNUR með 30% afslætti
KAFFIVÉLAR, STRAUJÁRN, BRAUÐRISTAR
og fleiri smátæki – verð frá kr. 995

Philips HEIMABÍÓ frá kr. 19.995 – allt að 56% afsláttur

Philips SJÓNVÖRP með miklum afslætti

NOKKUR VERÐDÆMI

Casio 5 milljón punkta MYNDAVÉL: Áður kr. 29.995 – Nú kr. 17.995

Whirlpool 180sm KÆLISKÁPUR: Áður 59.995 – Nú kr. 44.995

Beko 144cm KÆLIR og FRYSTIR: Áður kr. 44.995 – Nú kr. 29.995

Nad KRAFTMAGNARI: Áður kr. 74.995 – Nú kr. 44.995

Philips Nike MP3 SPILARI: Áður kr. 24.995 – Nú kr. 14.995

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

OPIÐ LAUGARDAGA 10-16



Heimilistæki

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is



Magnús varði titilinn

Magnús Lárusson, kylfingur úr golfklúbnum Kili í Mosfellsbæ, varði í gær titil sinn þegar „Einvígið á Nesinu“ fór fram. Hann er eini kylfingurinn til þessa sem hefur sigrað tvö ár í röð. Í ár voru Samtök langveikra barna styrktarþegi mótsins.

sport
sport@frettabladid.is

GARÐAR GUNNLAUGSSON: HEFUR SKORAÐ ELLEFU MÖRK Í DEILD OG BIKAR Í SUMAR

FH mun misstíga sig í lokaumferðunum

Bróðir tvíburanna Arnars og Bjarka Gunnlaugssona, Garðar Gunnlaugsson, hefur farið mikinn með Val í sumar, en hann hefur skorað ellefu mörk í öllum keppnum. Annað mark Valsmanna í leiknum gegn Fylki var skráð á hann, en Atli Sveinn Þórarinnsson átti þá hörkuskalla í þverslána og niður á marklinuna áður en Garðar potaði boltanum inn fyrir línuna. „Ég hef fengið tækifæri til þess að standa mig vel í sumar og hef nýtt þau ágætlega held ég. Það er mikil stöðubærta í hópnum, enda allir leikmennirnir að standa sig vel. Þannig að það er pressa á manni að skora mark í hverjum



leik sem maður spilar.“

Garðar, sem skoraði sitt fimmta deildamark gegn Fylki, hefur skorað sex mörk í bikarkeppninni í sumar og vonast til þess að geta haldið markaskoruninni áfram. „Ég hef fundið mig vel í framlinunni í sumar, enda eru margir góðir leikmenn í liðinu sem hjálpa manni að skapa marktækifæri.“

Garðar á von á því að deildarkeppnin jafnist í næstu leikjum, en FH hefur unnið alla leiki sína til þessa og er með sex stiga forskot

á toppi deildarinnar. „Ég held að KR eigi eftir að taka stig af FH. Það er kominn nýr þjálfari hjá liðinu og með honum kemur annað hugarfar og leikmenn eiga örugglega auðveldara með að einbeita sér en áður. Síðan er ég viss um að við Valsmenn náum að þjarna enn frekar að FH-ingum í lokaumferðunum.“

Atvinnumennskan heillar Garðar óneitanlega, en hann segist þó einungis vera með hugann við Val núna. „Ég hef mikinn áhuga á því að reyna mig erlendis og stefni að því. En til þess að eiga möguleika á því verð ég að standa mig vel með Val og það ætla ég mér að gera. Þetta hefur verið skemmtilegt sumar og vonandi náum við Valsmenn að vinna titil. Það yrði alveg magnað.“

> Við vonum ...

... að íslenska unglingslandsliðinu í körfubolta takist að halda sér í A-deild Evrópu-meistaramótsins sem nú fer fram á Spáni. Vera Íslands í A-deildinni er einhver sú mesta lyftistöng sem íþróttinni stendur til boða og keppnin þar gefur góð fyrirheit um framtíðina, sem er vissulega efnileg í körfuboltanum.



> Við hrósum ...

... þeim Sunnu Gestsdóttur og Birni Margeirssyni sem hafa verið að gera frábæra hluti í sínum greinum í frjálsum íþróttum. Sunna varð um helgina danskur meistari og Björn varð þriðji Íslendingurinn til að rjúfa „múrinn“ í 800 metra hlaupi.



KVÖLDPÁTTURINN
ALLA VIRKA DAGA

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

Enn spennna á toppnum

Kimi Räikkönen vann um helgina sigur í Ungverjalandskappakstrinum en þeir Michael og Ralf Schumacher komu í næstu sætum á eftir. Fernando Alonso, sem hefur forystu í stigakeppni öikumanna, hlaut ekkert stig um helgina.

FORMULA 1 Finninn Kimi Räikkönen fagnaði um helgina sigri í Ungverjalandskappakstrinum. Helsti keppinautur hans í stigakeppni öikumanna, Fernando Alonso á Renault, lauk hins vegar keppni í 11. sæti og hlaut því engin stig um helgina. Forskot Alonso er því nú 26 stig þegar sex keppnir eru eftir á tímabilinu.

„Þetta gekk betur nú en um síðustu helgi og við eigum enn möguleika á meistaratitlinum,“ sagði Räikkönen eftir keppnina. Greinilegt er að lið McLaren er mjög sterkt um þessar mundir en um tíma leit út fyrir að félagi Räikkönen, Juan Pablo Montoya, myndi fara með sigur af hólmi. Hann fylgdi annarri keppnisáætlun en félagi sinn og náði forystu í kappakstrinum um miðbik hans en vélarbilun gerði vonir hans að engu. Ron Dennis, liðsstjóri McLaren, sagði að með réttu hefðu ökuþórar liðsins átt að ljúka keppninni í fyrsta og öðru sæti.

Báðir öikumenn Red Bull féllu úr leik á fyrsta hring. Christian Klien velti bíl sínum og þá varð David Coulthard fyrir braki úr bíl Alonso en Spánverjinn missti framvænginn af bíl sínum eftir árekstur í fyrstu beygjunni. Coulthard sagði að hann hefði verið heppinn að sleppa svo vel eins



TVEIR FLJÚGANDI FINNAR Mika Häkkinen heilsar hér upp á landa sinn Kimi Räikkönen fyrir kappakstrinum um helgina. Nordic Photos/Getty

og raun bar vitni. „Bílbrak á brautinni er stórhættulegt. Það er ótrúlegt að ekki fór verr,“ sagði Coulthard sem hætti sér sjálfur út á brautina til að ná í brakið svo að félagar hans hlytu ekki sömu örlög.

Michael Schumacher var fremstur á raspól um helgina en

McLaren-menn reyndust honum of klókir í keppnisáætlunum sínum. En Schumacher á þó enn von þar sem hann er einungis sex stigum á eftir Räikkönen í stigakeppni öikumanna. Það má aldrei afskrifa Þjóðverjann sem er vitanlega margfaldur meistari í greininni. ■

Ungmennalandslið í eldlínunni um helgina:

Ágætur árangur ungmenna

UNGLINGALANDSLIÐ Íslenska pítalandsliðið í handknattleik, skipað leikmönnum tuttugu og eins árs og yngri, sigraði norska landsliðið 34-31 í lokaleik Opna Skandinavíumótsins í handknattleik sem fram fór í Svíþjóð um helgina. Íslenska liðið endaði í þriðja sæti á mótinu, eftir að hafa gert jafntefli við Dani og tapað fyrir Svíum, en Svíar unnu Dani í úrslitaleik mótsins.

Drengjalandslið Íslands í körfuknattleik, skipað leikmönnum sextán ára og yngri, keppir nú í A-deild EM landsliða

á Spáni. Ísland var í riðli með Króatíu, Rússlandi og Grikklandi en náði ekki að vinna leik í riðlinum. Ísland mætir Lettlandi, Póllandi og Slóveníu í milliriðli og mætir liði Lettum í dag í fyrsta leik. Íslenska liðið mun leika um níunda til sextánda sæti á mótinu.

Íslenska stúlkaliðið keppti í B-deild Evrópukeppninnar í Eistlandi og náði að vinna lið Austurríkis í leik um fimmtánda sætið á mótinu. Íslenska liðið komst ekki upp um deild en stóð sig engu að síður ágætlega. ■

HM í sundi:

Góður árangur Íslendinga

